


skoðun 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Verkfræðistofur & þjónusta








Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
27. júní 2012
149. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




### Vinsælt myndagrín
*Steinþór Helgi og Björn eru mennirnar á bak við grínsíðuna Gula miða.*
popp 30

### Fyrst nú flogin úr hreiðrinu
*Pálína Magnúsdóttir er nýr borgarbókavörður Reykjavíkur.*
tímamót 20



### Til alls líklegur á EM
*Jón Arnar Magnússon hefur tröllatrú á tugþrautarkappanum Einari Daða Lárussyni.*
sport 26

### veðrið í dag




**SKÚRIR SÍÐDEGIS** Í dag verður hæg norðlæg átt og skýjað með köflum en þykknar upp með skúrum S- og V-til. Hiti 10-18 stig.
VEÐUR 4

# Lífshættuleg flog vegna lyfja

**Ný samheitalyf við flogaveiki hafa ekki næga virkni. Dæmi eru um sjúklinga sem hafa fengið alvarleg flog eftir að hafa hætt á lyfinu Keppra og fengið samheitalyf. Læknar hafa fengið 150 undanþágur hjá Lyfjastofnun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný samheitalyf við flogaveiki hafa að undanförnu orsakað alvarleg flog hjá sjúklingum. Dæmi eru um að einstaklingar sem hafa verið lausir við flog í mörg ár verði alvarlega veikir eftir að hafa verið teknir af lyfinu Keppra og settir á samheitalyf.

„Á síðustu mánuðum höfum við séð marga flogaveika sem fengið hafa flog eftir að hafa skipt úr Keppra í samheitalyf, jafnvel fólk sem ekki hefur fengið flog í mörg ár,“ segir Elías Ólafsson, yfirlæknir á taugalækningadeild Landspítalans. „Í sumum tilvikum er um að ræða mjög alvarleg flog, jafnvel lífshættuleg.“

Um er að ræða þrjú samheitalyf Keppra við flogaveiki; Zelta, Mataver og Levetiracetam Actavis. Elías getur ekki fullyrt, á þessu stigi, að þetta gildi um þau öll.

Lyfjastofnun hafa borist tólf ábendingar vegna aukaverkana eða vanverkunar lyfjanna það sem af er ári, þar af sjö vegna Levetiracetam, fjórar vegna Mataver og eina vegna Zelta.

Elías segir þessa vanverkun lyfjanna hafa komið á óvart. „Við höfum haft samband við Landlækni og Lyfjastofnun vegna málsins og embættin hafa brugðist vel við,“ segir hann. Elías segir að það sé þessara aðila að ákvarða hvort reynt verði að kynna þetta mál sérstaklega fyrir almenningi.

> Í sumum tilvikum er um að ræða mjög alvarleg flog, jafnvel lífshættuleg.
>
> ELÍAS ÓLAFSSON, YFIRLÆKNIR Á TAUGALÆKNINGADEILD LANDSPÍTALANS

Guðrún Gylfadóttir, deildarstjóri lyfjadeildar Sjúkratrygginga, segir stofnunina hafa heyrt af vandamálinu. Því hafi verið ákveðið að veita sjúkraskírteini vegna Keppra áfram, óski læknar eftir því fyrir sjúklinga sína, en með því er hægt að fá fulla greiðsluþátttöku þrátt fyrir að ódýrari samheitalyf séu á markaði.

Um 540 einstaklingar fengu ávísað Keppra í fyrra og var kostnaður Sjúkratrygginga um 152 milljónir króna.

„Læknir getur sótt um lyfjaskírteini fyrir Keppra í þeim tilvikum þegar samheitalyf reynast ekki jafn vel en einnig þegar læknir metur svo að breyting á lyfjameðferð sem búið er að stilla sjúkling inn á sé ekki réttlætanleg,“ segir Guðrún. Búið er að framvísa 150 slíkum skírteinum síðan í mars.

Mímir Arnórsson, deildarstjóri hjá Lyfjastofnun, segir samheitalyfin sem um ræðir hafa sama virka innihaldsefni og Keppra, en vissulega sé tekið mark á athugasemdum sem berast.

„Við höfum fengið ábendingar um þessi lyf og þá er þetta skráð sem vanverkun,“ segir hann. „Við söfnum þeim saman og ef slíkt er mjög títt þá getur það leitt til þess að lyfin verði tekin af markaði.“ - sv



**BLÍÐVIÐRI Á LANDSMÓTI** Stúlkurnar komu sér vel fyrir í áhorfendabrekkunni við skeiðvöllinn í Víðidal í gær, innan um aðra gesti. Landsmót hestamanna var sett á mánudag og stendur fram yfir helgi. Á mótið koma hundruð knapa með hesta sína og þúsundir annarra gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þrettán knapar hafa skráð sig til leiks í kappreiðum á Landsmótinu á morgun:

# Vilja veðbanka á kappreiðarnar

**HESTAR** „Við erum ekki alveg úrkula vonar um að leyfið fáist endurnýjað, svo menn geti starfrækt veðbanka á kappreiðunum. Það væri gaman ef menn mættu veðja aðeins á þann hest sem þeir telja líklegastan,“ segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssamtaka hestamannafélaga.

Þegar Haraldur hringdi í innanríkisráðuneytið í gær kom í ljós að leyfi Hestamannafélagsins Fáks var ekki í gildi, en Haraldur útilokar ekki að því verði kippt í liðinn.

Boðið var upp á veðbanka á Landsmótinu á Melgerðismelum árið 1998. Þá var Fákur fenginn til að flytja starfsfólk veðbanka og rásbása á svæðið við gríðargóðar undirtektir. Að því er næst verður komist hefur Fákur haft leyfi til þessarar starfsemi allt frá stofnun félagsins árið 1922.

Keppt verður í 300 metra stökki og fer keppnin fram á morgun klukkan 18.15 á stóra vellinum. Þrettán knapar hafa skráð sig til leiks. - shá

Miði.is fær samkeppni:

# Flýta opnun á miðasöluvef

**VIÐSKIPTI** Jón Dal Kristbjörnsson og Fannar Freyr Jónsson stefna á að opna sölusíðuna Miðakaup.is í lok sumars. Á síðunni gefst almenningi kostur á að nálgast miða á hvers kyns viðburði með þægilegri hætti en áður, að þeirra sögn.



JÓN DAL KRISTBJÖRNSSON

Afþreyingafyrirtækið Sena festi nýlega kaup á vefsíðunni Miði.is en Samkeppniseftirlitið skoðar nú kaupin. Jón viðurkennir að í ljósi aðstæðna hafi þeir ákveðið að flýta opnun Miðakaupa.is um einhverjar vikur. „Við höfum lengi unnið í þessum geira og þessu verkefni og í ljósi núverandi aðstæðna fannst okkur markaðurinn tilbúinn fyrir það sem við höfum upp á að bjóða,“ segir hann. - sm / sjá síðu 30


Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is




HUNGURLEIKARNIR HALDA ÁFRAM
www.forlagid.is




BROSANDI ALLAN HRINGINN



1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn
3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir
8 Stórutjarnir • 9 Akureyri • 10 Laugarbakki
11 Ísafjörður • 12 Laugar í Sælingsdal

PANTAÐU ALLAN HRINGINN
á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



*Sigrún, eru ekki allir hestánægðir?*

„Það eru allir í hestafíling í dalnum og enginn með skeifu.“

Sigrún Lýðsdóttir hönnuður býður nú nýja fata- og skartgripalínu sérstaklega fyrir hestafólk, bæði knapana sjálfa og þá sem hrífast af hestum.

Stjórnsýsla sveitarfélags hér á landi fær alþjóðlega gæðavottun í fyrsta sinn:

# Kópavogsbær fær gæðavottun

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kópavogsbær hefur fyrst íslenskra sveitarfélaga hlotið alþjóðlega vottun (ISO 9001) fyrir gæðakerfi stjórnsýslusviðs. Unnið hefur verið að innleiðingu gæðakerfisins síðustu misseri. Markmiðið er að tryggja góða og skilvirka þjónustu, gagnsæja stjórnsýslu, aukið öryggi og bætt eftirlit með kostnaði.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri mun taka formlega við vottuninni úr hendi Ara Arnaldssonar, fulltrúa Vottunar ehf., í dag.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Um þennan áfanga, og í ljósi þess að stjórnsýslan í Kópavogi hefur verið gagnrýnd nokkuð harkalega, segir Ármann ljóst að tilgangurinn með gæðakerfi sé einmitt að bæta stjórnsýsluna. „Þetta á að auðvelda okkur að rækja það hlutverk sem okkur er ætlað sem sveitarfélags. Það er í tísku að tala um gagnsæi og þetta kerfi á að verða til þess að það markmið náist og allir sitji við sama borð. Eins að halda öllum á tánum, ekki aðeins starfsmönnum heldur okkur stjórnmálamönnunum líka, við að skila af okkur vönduðu verki,“ segir Ármanna.

Upphafleg tillaga að gæðakerfi fyrir stjórnsýslu Kópavogsbæjar var samþykkt í bæjarráði í júlí 2008 og var gæðastefnan samþykkt í bæjarstjórn í mars 2010. Gæðahandbók var svo staðfest í febrúar 2011. - shá

Grunur um íkveikju á Selfossi:

## Eldur kviknaði í nytjamarkaði

**BRUNI Eldur kom upp í nytjamarkaði hvítasunnusafnaðarins við Eyrarveg á Selfossi um klukkan átta í gærkvöldi. Allt tiltækt slökkvilið var sent á vettvang og tókst að ráða niðurlögum eldsins áður en hann breiddist út í nærliggjandi byggingar, sem hýsa aðra atvinnustarfsemi.**

**Talið er að eldurinn hafi kviknað í gámi við hlið markaðarins. Eldsupptök eru ókunn en grunur er um íkveikju. Engan sakaði í eldsvoðanum en talið er að nokkurt tjón hafi orðið á markaðnum. - sh**



**STEINBOGI** Ekki eru allir hrifnir af laxastiga í Jöklu.

Laxastiginn við Steinboga:

## Breyting á stiga skoðuð nánar

**UMHVERFISMÁL Skipulags- og mannvirkjanefnd Fljótsdalshéraðs hefur frestað afgreiðslu erindis um breytingar á áður samþykktum laxastiga við svokallaðan Steinboga í Jökulsá á Dal. Stiginn á að opna laxfiskum tugkílómetra leið á efri hluta Jöklu. Veiðifélagið vill nú lengja stigann um 20 metra og gera breytingar til að minnka notkun steypu. Skipulags- og mannvirkjanefnd hyggst fá umsagnir frá Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Fiskistofu og umhverfis- og héraðsnefnd auk þess að kynna almenningi framkvæmdina áður en breytingarbeiðnin er afgreidd. - gar**

Einn slasaður og þrír teknir:

## Sagðist sjálfur hafa stungið sig

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók í gærmorgun þrjá menn vegna hnífsstungu í bakhúsi við Njálsgötu. Maðurinn sem var stunginn var í mjög annarlegu ástandi og fullyrti við lögreglumenn að hann hefði veitt sér áverkann sjálfur.

Maðurinn var ekki hættulega slasaður og gekkst undir smávægilega aðgerð á kvið á Landspítalanum í gærmorgun.

Þremenningarnir voru handteknir í kjölfarið. Þeir voru mjög ölvaðir og líklega einnig undir áhrifum lyfja. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður. - sh

# Húsbíll tókst á loft og endaði í skurði

**Hjón voru hætt komin þegar vindhviða feykti bíl þeirra út af þjóðvegi og ofan í skurð. Bíllinn valt tvisvar eða þrisvar og er gjörónýtur. Forvarnarfulltrúi segir brýnt að fólk kynni sér aðstæður áður en það heldur í ferðalög með húsvagna.**

**SAMGÖNGUR** Hjónin Vilhelm Guðbjartsson og Guðrún Ragnarsdóttir lentu í kröppum dansi á dögunum þegar þau óku milli Hofsóss og Siglufjarðar. Húsbíll þeirra tók á sig vindhviðu og valt að minnsta kosti tvær veltur út af veginum áður en hann staðnæmdist í skurði undir vegbrúninni.

„Þessir sviptivindar komu okkur alveg að óvörum,“ segir Vilhelm um slysið. Hann er vanur bílstjóri og hefur ekið hópferðabílum í tugi ára. Hann segist hafa lent í ýmsu, en aldrei velt bíl eða endað utan vegar. „Maður veit að á svona svæði er varasamt að vera á ferðinni ef það er suðvestanátt.“

Vilhelm og Guðrún voru á leið á Siglufjörð og voru stödd rétt hjá Haganesvík þegar slysið átti sér stað. „Við keyrum þarna frá Hofsósi inn á Siglufjörð og það er strekkingshvasst en alveg þannig að það leit út fyrir að vera í lagi,“ segir Vilhelm. „Þegar við komum þarna í Fljótin fyrir ofan Haganesvík þá fáum við fyrstu hviðurnar á okkur og keyrum því mjög rólega. Við vorum ekki á nema 20 til 30 kílómetra hraða. Maður taldi að þetta mundi sleppa með því að fara svona rólega.“

Það dugði þó ekki. „Svo kemur svona heiftarlegur hnútur og leggur bílinn á hliðina og svo annar hnútur og þá fór bíllinn tvær eða þrjár veltur. Bíllinn endar svo á réttum kili og snýr upp í veginn með framendann ofan í skurði. Bíllinn hefur því snúist líka, sennilega bara í loftinu.“

Þeim varð ekki meint af en bíllinn er gjörónýtur. Húsbílar eins og þeirra eru skráðir fyrir fjórar manneskjur. Tvær verða því að sitja aftur í í húsinu sjálfu, í sætisólum. Þau hjón segja að varasamt gæti reynst að hafa farþega í bílnum því innréttingar og lausamunir gangi til, velti bíllinn eða lendi í árekstri. „Ef það hefðu verið farþegar aftur í…“ veltir Vilhelm fyrir sér. „Ég veit ekki hvernig það hefði farið. Ef maður hefði verið með barnabörnin til dæmis.“

Sigrún Þorsteinsdóttir, forvarnarfulltrúi hjá VÍS, segir mikilvægt að fólk kynni sér veðuraðstæður áður en lagt er af stað. „Ef meðalvindur er fimmtán metrar á sekúndu geta vindhviður farið upp í 24 til 26 metra á sekúndu. Þá verður fólk að athuga hvort það sé að aka meðfram fjöllum, þar sem vindurinn blæs niður með fjallinu og hviðurnar eru hvassari.“

Sigrún bendir á að húsbílar og hjólhýsi séu mjög létt miðað við hversu mikinn vind þau taka á sig. „Á hverju einasta ári eru húsbílar, fellihýsi og hjólhýsi að fjúka út af. Slys verða vegna þess á hverju sumri. Hjólhýsin splundrast alveg svakalega grípi þau mikinn vind og velti. Húsbílarnir geta gert það líka.“ birgirh@frettabladid.is



**GJÖRÓNÝTUR** Allar innréttingar og allt lauslegt í bílnum fór af stað þegar húsbíllinn fauk af veginum. Forvarnarfulltrúi brýnir fyrir fólki að kynna sér aðstæður í upplýsingasíma Vegagerðarinnar, 1777, áður en lagt er af stað í ferðalög. MYND/VÍS

> Bíllinn hefur því snúist líka, sennilega bara í loftinu.
>
> VILHELM GUÐBJARTSSON

**ÞEKKIR ÞÚ DÆMI?**

Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**.

Þjóðarpúls Capacent Gallup:

## Ólafur Ragnar með mest fylgi

**KOSNINGAR** Þjóðarpúls Capacent Gallup, sem birtur var í gær, mælir Ólaf Ragnar Grímsson með rétt tæplega 45% fylgi, Þóru Arnórsdóttur með 37%, Ara Trausta Guðmundsson með tæplega 11% fylgi, Herdísi Þorgeirsdóttur með 5,3%, Andreu J. Ólafsdóttur með 1,6% og Hannes Bjarnason með 0,8% fylgi.

Niðurstöðurnar eru úr netkönnun sem gerð var dagana 14. til 20. júní 2012. Svarhlutfall var 58,5%, úrtaksstærð 1.350 einstaklingar 18 ára eða eldri af öllu landinu, valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. - shá

Íslendingur eftirlýstur erlendis:

## Leitað vegna kókaínsmygls

**LÖGREGLUMÁL Íslensk lögregluyfirvöld hafa gefið út alþjóðlega handtökuskipun á hendur Steinari Aubertssyni, 29 ára Kópavogsbúa, sem talinn er tengjast smygli á nokkru magni af kókaíni til landsins í lok maí.**



STEINAR AUBERTSSON

**Í tilkynningu frá lögreglunni í gær kom fram að mikið magn kókaíns hafi fundist í farangri roskins pars, Íslendings og Dana, þegar fólkið kom í Leifsstöð frá Danmörku. Síðan hafa karl á fertugsaldri og kona á þrítugsaldri verið úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna málsins en Steinars er enn leitað erlendis.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vó kókaínið nokkur hundruð grömm. - sh**




ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna**

- **Zumba** - Þri og fim kl. 17:30
- Þjálfari: Lilja Rut - 4 vikur
- Hefst . 10. júlí. Verð kr. 11.900

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is


Fjölskylduhjálp Íslands hefur nú til sölu hundruð kjóla á nytjamarkaði sínum:

# Söngkonur sækja í sixtís-kjólana

**HJÁLPARSTARF** Fjöldi litskrúðugra kjóla er nú meðal þess sem hægt er að kaupa á nytjamarkaði Fjölskylduhjálpar Íslands, sem er opinn í höfuðstöðvum samtakanna í Eskihlíð alla virka daga frá tólf til hálffimm.

„Þetta eru mjög flottir kjólar frá sixtís-tímabilinu,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, forstöðukona Fjölskylduhjálparinnar. Kjólarnir eru gjöf frá versluninni Rokki og rósum og þótt Ásgerður hafi ekki tölu á því hversu marga hún hefur til sölu þá skýtur hún á að þeir séu varla færri en tvö hundruð.

Hún segir að kjólarnir hafi rokið út. „Dansarar og söngkonur sækjast mjög eftir þessu af því að þær þurfa að eiga svo marga og flotta kjóla.“ Klæðin eru seld á eitt til þrjú þúsund krónur og ágóðinn af þeim rennur í matarsjóð samtakanna.



**GLÆSILEGAR FLÍKUR** Þessi föngulegi hópur dansara, söng- og leikkvenna og annarra sat fyrir í kjólum af nytjamarkaðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matargjöfum verður úthlutað hjá Fjölskylduhjálpinni í Eskihlíð í dag í síðasta sinn fyrir sumarfrí, og á fimmtudag í Reykjanesbæ. Nytjamarkaðurinn verður hins vegar opinn fram að mánaðamótum. - sh

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SJÓNVÖRP Í MIKLU ÚRVALI

## HÁGÆÐATÆKI Á HAGSTÆÐU VERÐI!



**PS43E450A1WXXN**

**Samsung 43“ Plasma**

HD-Ready / USB / DVB-T

**Verð: 119.995**

Verð áður: 149.995 — 25%

SAMSUNG

**Frí áskrift að Stöð 2 í tvo mánuði fylgir völdum LG sjónvörpum!**



**Verð: 89.996**

Verð áður: 99.995 — 10%

**32LV250** LG Life's Good

**LG 32“ LED**

HD-Ready / USB / DivX-HD / DVB-T / Picture Wizard / Clear Voice



**Verð: 199.196**

Verð áður: 239.995 — 17%

**47LV450** LG Life's Good

**LG 47“ LED**

100Hz / FullHD / DVB-T / USB / DivX-HD / Picture Wizard / TruMotion



**Verð: 149.396**

Verð áður: 179.995 — 17%

**42LV375** LG Life's Good

**LG 42“ LED**

FullHD / SmartTv / DVB-T2 / DivX-HD Plus / TruMotion / DLNA / LAN / Picture Wizard II



**Verð: 79.196**

Verð áður: 89.995 — 12%

**32EL833** TOSHIBA

**Toshiba 32“ LED**

HD-Ready / USB / DVB-T / 100Hz AMR



**Verð: 69.997**

Verð áður: 99.995 — 30%

**LET26C430** Haier

**Haier 26“ LED**

FullHD / USB video / DVB-T



**Verð: 127.996**

Verð áður: 159.995 — 20%

**42HL833**

**Toshiba 42“ LED**

FullHD / USB DVB-T / 100HZ AMR

TOSHIBA

**Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig. Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.**

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 121913

**GENGIÐ 26.06.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,07 | 126,67 |
| Sterlingspund | 197,14 | 198,10 |
| Evra | 157,50 | 158,38 |
| Dönsk króna | 21,185 | 21,309 |
| Norsk króna | 21,007 | 21,131 |
| Sænsk króna | 17,858 | 17,962 |
| Japanskt jen | 1,5891 | 1,5983 |
| SDR | 190,86 | 192,00 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,7869

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðgeir Guðmundsson hlaut þungan dóm fyrir morðtilraun á lögmannsstofu:

# Fjórtán ár fyrir árásina á Skúla

**DÓMSMÁL** Guðgeir Guðmundsson var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í fjórtán ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til manndráps og sérstaklega hættulega líkamsárás. Guðgeir réðst á Skúla Eggert Sigurz, framkvæmdastjóra lögfræðistofunnar Lagastoðar, í mars og stakk hann fimm sinnum með hnífi. Fjórar hnífsstungnanna voru lífshættulegar.

Skúli missti í allt fimmtíu lítra af blóði í kjölfar árásarinnar og á meðan gert var að sárum hans og fjarlægja þurfti hægra nýrað og gallblöðruna, bæði lungu hans sködduðust, tvö göt komu á þind hans auk áverka á lifur. Hann mun aldrei ná sér að fullu.



**ÞUNGUR DÓMUR** Verjandi Guðgeirs sagði hann hafa átt von á þungum dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðni Bergsson kom Skúla, samstarfsmanni sínum, til bjargar og yfirbugaði Guðgeir. Við það stakk Guðgeir hann tvívegis í lærið.

Dómurinn yfir Guðgeiri er einn sá þyngsti sem fallið hefur á Íslandi fyrir annað en manndráp. Eina fordæmið er dómur yfir Þorvarði Davíð Ólafssyni, sem réðst á föður sinn, Ólaf Þórðarson, og hlaut einnig fjórtán ára dóm. Áverkarnir drógu Ólaf að lokum til dauða.

Guðgeir sýndi engin svipbrigði við dómsuppsöguna í gærmorgun. Ekki liggur fyrir hvort hann mun áfrýja dómnum. - sh

MP banki gerir samning:

# Advania rekur tölvubúnað MP

**VIÐSKIPTI** MP banki hefur samið við Advania, áður Skýrr, um að taka að sér rekstur alls tölvubúnaðar bankans. Advania mun jafnframt veita bankanum notendaþjónustu og ráðgjöf um upplýsingatækni.

Í tilkynningu frá Advania er haft eftir Gísla Heimissyni hjá MP banka að verkefnið hafi verið boðið út og flest helstu upplýsingatæknifyrirtæki landsins hafi sent inn tilboð. Advania hafi hins vegar samtvinnað best hagkvæmni og hátt þjónustustig. - sh

SSF með starfsleyfi:

# Eldi á flúru getur hafist

**FISKELDI Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. við Reykjanesvirkjun.**

**Í ágúst 2011 gerðu Stolt Sea Farm (SSF) og HS Orka hf. samning um leigu á lóð HS Orku við Reykjanesvirkjun sem og kaup á volgum sjó, rafmagni og grunnvatni frá virkjuninni. Fiskeldi fyrirtæksins mun verða stærsta eldi í heimi fyrir Senegalflúru, sem er verðmætur eldisfiskur.**

**Nýja starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2024.** - shá

Rita enn Sögu Akraness:

# Þrjú ár ætluð í þriðja bindið

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Akraness hefur samþykkt samning við Hjálmar Gunnlaug Haraldsson um áframhaldandi ritun Sögu Akraness. Tvö bindi, sem ná út átjándu öld, eru þegar komin út en áætlað er að ritun þriðja bindis fari fram á árunum 2012 til 2014. Einn bæjarfulltrúinn sagði að vegna fjárhagsstöðu Akraneskaupstaðar teldi hann ekki forsvaranlegt að ganga til samninga um ritun þriðja bindis Sögu Akraness. Verkið hefur verið gagnrýnt vegna mikils kostnaðar sem þegar er kominn yfir eitt hundrað milljónir króna. Þá hafa verið skiptar skoðanir meðal gagnrýnenda um vinnubrögð höfundarins. - gar

**LEIÐRÉTT**

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær var sagt að ársnýting gistirýma á Íslandi væri á bilinu 44 til 45 prósent. Hið rétta er að samkvæmt greinargerð VSÓ Ráðgjafar, sem fréttin byggði á, er ársnýting gistirýma á Íslandi á bilinu 45 til 55 prósent.

# Bankinn braut reglurnar en stjórnendur hans ekki

**Breska fjármálaeftirlitið telur að dótturbanki Kaupþings í Bretlandi hafi brotið reglur sínar. Stjórnendur Kaupþings brutu þær þó ekki. Þeir samþykktu að sækjast ekki eftir yfirmannastöðum í breskum bönkum.**

**VIÐSKIPTI** Breska fjármálaeftirlitið (FSA) telur að Kaupthing-Singer-&Friedlander (KSF) hafi brotið gegn reglum eftirlitsins með því að hafa ekki aðgætt almennilega og tafarlaust hvort þröng lausafjárstaða móðurbankans Kaupþings á Íslandi í miðju hruninu myndi hafa skaðleg áhrif á lausafjárstöðu dótturbankans.

Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður Kaupþings, Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri bankans, og Ármann Þorvaldsson, fyrrum forstjóri KSF, sem voru allir til rannsóknar í málinu, brutu hins vegar ekki gegn neinum reglum samkvæmt niðurstöðu FSA. Þeir hafa samt sem áður samþykkt að sækjast ekki eftir yfirmannastöðum í bönkum í fimm ár frá falli KSF. Það bann gildir fram í byrjun október 2013.

Joseph Eyre, framkvæmdastjóri á upplýsingaskrifstofu FSA, segir niðurstöðuna snúast um að KSF sem heild hafi ekki brugðist rétt við og þar með brotið reglur. Spurður hvernig banki geti brotið reglur án þess að einstaklingarnir sem taka ákvörðun innan hans geri það segir Eyre að ákvarðanir stjórnenda geti stundum verið rangar, en að þær séu hvorki teknar af illum ásetningi né óskynsemi.

„Ef við ætluðum að grípa til aðgerða gagnvart einstaklingi þá hefðum við þurft sérstaklega að tilgreina hvaða verknað hann hafi átt að hafa framið sem braut gegn reglum okkar. Þá hefðum við þurft að geta sýnt fram á persónulegt saknæmi einstaklingsins.“

Hreiðar Már sendi forsætisráðherra Íslands bréf í september 2010 þar sem hann sagði að FSA hefði tilkynnt honum að rannsókn þess á starfsemi KSF væri lokið. Sú niðurstaða sem hann lýsir í bréfinu er sú sama og kemur fram í tilkynningu FSA frá því í gær. Hreiðar segir þar enn fremur að honum hafi verið „boðið að ljúka málinu með greiðslu sektar að upphæð 35 þúsund pund“. Á þeim tíma nam sú upphæð 6,3 milljónum króna. Hreiðar Már féllst ekki á sáttina heldur leitaði eftir því að „fá það afdráttarlaust viðurkennt að ég hafi ekki brotið af mér á nokkurn hátt í störfum mínum fyrir bankann í Bretlandi“, líkt og segir í bréfinu. Ármanni og Sigurði var boðið að klára málið á sama hátt en þeir neituðu því einnig.

Vert er að taka fram að rannsókn FSA sneri eingöngu að KSF en ekki að starfsemi Kaupþings á Íslandi, þar sem FSA hafði ekki eftirlit með þeim banka. Í niðurlagi tilkynningar eftirlitsins segir að lok rannsóknar þess hafi ekki áhrif á aðrar rannsóknir sem verið sé að gera á starfsemi Kaupþings á Íslandi af öðrum stofnunum, jafnt breskum sem í öðrum löndum.

thordur@frettabladid.is



**SIGURÐUR EINARSSON**



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**



**KAUPÞING** FSA komst að þeirri niðurstöðu að Ármann Þorvaldsson, Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson hefðu ekki brotið reglur eftirlitsins. Ármann telur málatilbúnaðinn aldrei hafa átt rétt á sér.

## Kostnaðurinn á annað hundrað milljónir

Ármann Þorvaldsson, fyrrum forstjóri KSF, segir FSA aldrei hafa verið með neitt mál í höndunum gagnvart sér, Sigurði og Hreiðari Má. „FSA sá ekki fram á að ná neitt lengra með þetta mál. Það nýtti sér þá stöðu sem eftirlitið er í að geta hangið á málinu og haldið því opnu í langan tíma. Á endanum buðu þeir okkur að við myndum sjálfviljugir skuldbinda okkur til þess að vera ekki að sækjast eftir yfirstjórnendastöðum í bönkum fram í október á næsta ári. Hluti af ástæðu þess að ég féllst á þessa skuldbindingu er að ég hef ekki efni á því að halda lögfræðingum gangandi vegna þessa. Sameiginlegur kostnaður okkar megin vegna málsins er kominn langt á annað hundrað milljónir króna.“

Rannsóknin hefur staðið yfir í um fjögur ár. Ármann telur ástæður þess að hún hafi tekið svona langan tíma samspil nokkurra þátta. „Að hluta til ganga hlutirnir svona fyrir sig í Bretlandi. Eftir að við höfnuðum því að greiða sektina sem okkur var boðin á sínum tíma þá sneru þeir sér að bankanum sjálfum. Ég held að ástæðan fyrir því að þeir gerðu það er að hann er undir stjórn skiptastjóra. Ef bankinn væri starfandi þá hefði hann, án nokkurs vafa, áfrýjað þessari niðurstöðu sem nú var verið að birta. Það sem FSA gerði var að segja við skiptastjórann að ef þeir sættust á þessa úrlausn þá myndu þeir ekki sekta bankann.“




B Ó K A B Ú Ð F O R L A G S I N S

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA kl. 10–18

OG LAUGARDAGA kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði


**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SUMARBLÍÐA**

Það munu líklega skiptast á skin og skúrir víða sunnan og vestan til á landinu, en líkur á skúrum minnka næstu daga. Ef litið er til helgarinnar þá má búast við sumarblíðu víðast hvar og hitinn með ágætum einkum suðvestanlands.



Á MORGUN 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 29° |
| London | 25° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 19° |
| París | 26° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**100% HEILSA**

# Njóttu AlphaDaily á hverjum degi!




**Margnota læsing:**
Vandaður postulínstappi með spennu úr ryðfríu stáli

**Umbúðir:**
Glerflaska, endurnýtanleg og umhverfisvæn

**Innihald:**
Lífrænt villiblóma hunang, "Mother" eplaedik, lífræn krydd

**Merkingar:**
Miði prentaður á endurunninn pappír

**AlphaDaily:**
100% heilsuvara sem bragð er að

Síðan ég fór að drekka AlphaDaily daglega finn ég ekki fyrir bjúg. Ég er líka laus við slen sem háði mér stundum seinnipart dags.

*Marý Lind Jóhannsdóttir*
*grunnskólakennari*

Eftir að hafa neytt AlphaDaily í nokkra mánuði er ég laus við magaóþægindi sem ég þjáðist af og meltingin er mun betri. Svo hef ég alltaf haft viðkvæma húð en hún er ekki eins þurr þegar ég drekk AlphaDaily daglega.

*Björn Ingi Stefánsson*
*Kríunesbóndi*

Hún móðir mín ráðlagði mér að drekka mikið magn af AlphaDaily á stuttu tímabili. Ég drakk heil ópsköp og viti menn, ég losnaði endanlega við þursabitið því AlphaDaily mýkti alla vöðva. Einnig sló drykkurinn á svengdartilfinningu og hef ég því grennst.

*Jón Ármann Steinsson*
*hönnuður og rithöfundur*

Ég tek AlphaDaily með mér í golf því drykkurinn er orkugefandi. AlphaDaily hefur mjög jákvæða virkni og góð áhrif á meltinguna.

*Örn Jónsson*
*sjúkranuddari*



Mæli eindregið með neyslu þessarar heilsuvöru.

*Hallgrímur Þ. Magnússon*
*læknir*

**Framleiðandi: hpHeilsa ehf.**
s: 555 2122 www.hpHeilsa.is

**Útsölustaðir:** Hagkaup, Víðir, Fjarðarkaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar, Blómaval.
*Hægt er að skila tómum flöskum og fá áfyllingu hjá Hpheilsu ehf, Smiðjuveg 38 (rauð gata) Kópavogi.*

## KJÖRKASSINN



*Kemur „grænn bíll“ til greina við næstu bílakaup?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 56% |
| NEI | 44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fengið sekt fyrir of hraðan akstur?*

Segðu skoðun þína á vísir.is. Vísir

Velta leikjaiðnaðarins er mikil og veltan er nú meiri en helstu keppinauta:

# Tölvuleikir velta tvöfalt á við tónlist

**VIÐSKIPTI** Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði á flestum mörkuðum heimsins virðast tölvuleikjaframleiðendur njóta óstöðvandi vaxtar. Verðmæti leikjaiðnaðarins á heimsvísu var rétt innan við 60 milljarða bandaríska dollara árið 2011. Það jafngildir tæplega fimmfaldri landsframleiðslu Íslands, samkvæmt Markaðspunktum Arion.

Tölvuleikir hafa nú þegar tekið fram úr rótgrónum greinum skemmtanaiðnaðarins. Síðan árið 2007 hafa tekjur á sölu stærstu tölvuleiks hvers árs iðulega verið meiri á fyrsta söludegi en af miðasölu stærstu bíómyndar hvers árs yfir opnunarhelgi hennar.

Velta leikjaiðnaðarins er tvöföld á við tónlistariðnaðinn, fjórðungi meiri en í útgáfu tímarita og 60 prósent af veltu kvikmyndaiðnaðarins. **- þþh**

**Tekjur kvikmynda og tölvuleikja**

Opnunarhelgi mynda og fyrsti söludagur leikja í milljónum dollara




Tíðni lungnateppu eykst:

# Fólk hvatt til að láta mæla sig

**HEILBRIGÐISMÁL** Allir sem eru með öndunarfæraeinkenni eins og hósta eða áreynslumæði eru hvattir til að fara í öndunarmælingu vikuna 24. júní til 1. júlí. Alþjóðlegur dagur öndunarmælinga er í dag.

Langvinn lungnateppa er mun algengari í dag en fyrir nokkrum áratugum. Hún var sjötta algengasta dánarorsök í heiminum árið 1990. Búist er við því að hún fari í þriðja sæti árið 2020. Um 23% mælinga á síðasta öndunarmælingadegi leiddu til meðferðar. **- sv**







**STARF AÐJÚNKTS Í FRÆÐIGREINUM**
LAUST TIL UMSÓKNAR

**Listaháskólinn auglýsir laust til umsóknar starf aðjúnkts í fræðigreinum við hönnunar- og arkitektúrdeild. Um er að ræða 60% hlutastarf.**

Leitað er að einstaklingi sem er virkur í rannsóknum og fræðiskrifum, hefur umtalsverða kennslureynslu og hefur leiðbeint háskólanemendum við ritgerðaskrif. Það er skilyrði að umsækjandi hafi meistarapróf á sviði hugvísinda eða félagsvísinda.

Starfið felur í sér kennslu á viðkomandi sérsviði, þjálfun í akademískum vinnubrögðum og leiðsögn við skrif lokaritgerða. Til sérsviðs teljast námskeið á sviði hönnunarfræða, hönnunarsögu eða efnismenningar.

**Við mat á umsóknum verður jafnframt litið til hæfni umsækjanda til frumkvæðis og sjálfstæðis í starfi, og hvernig ætla megi að hann falli inn í samstarfshópinn sem fyrir er á sviðinu.**

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir námsferil og störf umsækjanda, auk ritaskrár. Umsækjandi skal gera skýra grein fyrir kennslustörfum sínum og rannsóknum og jafnframt veita upplýsingar um önnur störf sem hann hefur gegnt, þ.m.t. félags- og stjórnunarstörfum. Afrit af prófskírteinum og öðrum staðfestingum varðandi menntun skulu fylgja umsókn.

Rektor ræður í starfið í samráði við deildarforseta. Gert er ráð fyrir að ráðning taki gildi frá og með 1. ágúst 2012.

Umsóknir skulu merktar viðkomandi starfi og sendar deildarforseta, Jóhannesi Þórðarsyni, Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, **eigi síðar en 5. júlí næstkomandi.**

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts


**HVER ÞREMILLINN!**

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Hafa vart undan að tína rusl í hrauninu

**Miklu rusli er fleygt í hraunið við Krýsuvíkurveg í Hafnarfirði. Fólk fer í skjóli nætur, jafnvel á vörubílum, og sturtar rusli í gjóturnar. Starfsmenn bæjarins eru meðvitaðir um málið, en segja að um viðvarandi ástand sé að ræða.**

Árvakur lesandi sendi Fréttablaðinu ábendingu um mikið rusl við Krýsuvíkurveg í Hafnarfirði.

„Þetta eru hljóðkútar sem var stolið af geymslusvæðinu við álverið. Einhver verðmæti voru tekin úr kútunum og hratinu svo kastað þarna. En þetta var hreinsað í síðustu viku,“ segir Sigurður Páll Harðarson, sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar.

Sigurður segir að þetta sé ekki í eina skiptið sem rusli sé hent í hraunið.

„Ég held að það sé lítill hluti fólks sem gerir þetta en það eru alltaf einhverjir sem láta freistast.“

Björn Hilmarsson, garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar og yfirmaður þjónustumiðstöðvarinnar, segir rusl í hrauninu viðvarandi vandamál.

„Þetta er rosalega algengt og búið að standa lengi yfir. Við reynum að fara reglulega í upplandið og tína drasl en það er alveg ótrúlegt hverju er hent. Við reynum að fara allavega aðra hvora viku yfir sumartímann og kíkja á þetta.“

Björn segir að auðvelt ætti að vera fyrir fólk að koma ruslinu fyrir á öðrum og viðeigandi stöðum.

„Það er ótrúlegt hvað fólk virðist leggja á sig til að fara í skjóli myrkurs til þess að losa rusl í gjótur hingað og þangað. Oft og tíðum er hægt að losna við þetta dót frítt hjá Gámaþjónustunni eða Sorpu.“

Björn segir nær engin takmörk fyrir því sem fólk lætur frá sér í hraunið. „Við erum að hirða alls kyns dót, sófasett og fleira. Á sínum tíma voru þetta líka bílhræ og jafnvel rafgeymar. Stundum hefur líka verið kveikt í bílum þarna.“



**HLJÓÐKÚTAR** Þessum hljóðkútum var stolið við álverið, einhver verðmæti voru tekin úr þeim en afganginum var sturtað niður í hraunið.

> Það er ótrúlegt hvað fólk virðist leggja á sig til að fara í skjóli myrkurs til þess að losa rusl.
>
> **BJÖRN HILMARSSON**
> GARÐYRKJUSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Við slík tilfelli þarf að koma vinnuvélum á svæðið til að hreinsa ruslið upp.

„Stundum þarf að fá kranabíl til að hirða upp draslið, þegar um stærra og þyngra dót er að ræða. Maður skilur ekki hvernig sumt draslið hefur komist á staðinn nema með öðrum vörubílum.“

Björn segist undrandi á því hvernig fólk virðist hugsa.



**RUSLAHAUGUR** Þessi ruslahaugur blasti við lesanda Fréttablaðsins þegar hann viðraði hundinn sinn á svæðinu.

„Ef þú ert laus við þitt drasl, þá ert þú bara stikkfrí sama þó því sé hent í fallega hraungjótu. Þetta er alveg ótrúlegt.“ **katrin@frettabladid.is**

Sex mánaða fangelsisdómur fyrir kynferðisbrot gegn fimmtán ára barni:

# Lögreglumaður káfaði á stúlku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur dæmt fyrrverandi lögregluvarðstjóra í hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fimmtán ára dóttur vinahjóna sinna. Honum er jafnframt gert að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur í miskabætur.

Maðurinn þjálfaði unglinga í íþróttastarfi og tók á móti stúlkunni á hlaupaæfingu við heimili sitt að morgni til. Það var þar sem hann káfaði innanklæða á rassi stúlkunnar, strauk með fingrum um klof hennar innanklæða, stakk síðan fingrunum upp í sig og sagði stúlkunni að hún væri flott, eins og brotinu er lýst í ákæru.

Maðurinn þvertók fyrir að hafa brotið gegn stúlkunni og fékk það stoð í framburði sonar hans, sem sagðist hafa rokið fram úr rúminu þegar stúlkan var á leið að húsinu og séð glögglega að ekkert óeðlilegt hefði átt sér stað.

Dómurinn tekur hins vegar meira mark á framburði stúlkunnar en nývaknaðs sonar ákærða í málinu. Framburður stúlkunnar var stöðugur allan tímann og hegðun hennar strax í kjölfar brotsins



**HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS VESTRA** Þrír héraðsdómarar komust að þeirri niðurstöðu að sakfella bæri manninn.

þykir benda eindregið til þess að maðurinn hafi gerst sekur um það sem hann var ákærður fyrir.

Maðurinn hafði áður verið sýknaður í héraði en Hæstiréttur ógilti dóminn og vísaði aftur í hérað. **- sh**




Brandenburg

**365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu**

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. ***Örugglega til þín.***

Póst dreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað hét risaskjaldbakan fræga sem gaf upp öndina á Galapagos-eyjum á sunnudag?*
2. *Hvað heitir næsta kvikmynd Ragnars Bragasonar?*
3. *Hvar fer Evrópumótið í frjálsum íþróttum fram um þessar mundir?*

**SVÖR:**

1. Einmana-Georg. 2. Málmhaus. 3. Helsinki í Finnlandi.

Fjórtán ára drengur hefur viðurkennt að hafa kveikt í og eyðilagt í Eyjum:

# Drengur kveikti í bifreiðunum

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán ára drengur hefur játað að hafa kveikt í sendibifreið og fólksbíl á vörupalli sendibifreiðarinnar í Vestmannaeyjum aðfaranótt mánudags. Lögreglan hafði upp á honum á þriðjudagskvöld.

Drengurinn játaði einnig að hafa drepið fiska í körum við nýgert Vigtartorg. Þar hafði verið komið fyrir fiskikörum á sjómannadaginn. Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur áður haft afskipti af drengnum. Mál hans er nú til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum.

Mikil hætta skapaðist þegar eldurinn blossaði upp í bílunum í Skvísusundi aðfaranótt mánudags. Bílarnir stóðu við hús trésmíðaverkstæðis þar sem mikill eldsmatur var inni. Slökkvilið Vestmannaeyja var fljótt að ráða niðurlögum eldsins eftir að það fékk tilkynningu þar um. **- bþh**



**ELDUR Í SKVÍSUSUNDI** Slökkvilið var fljótt á staðinn og náði að slökkva eldinn á skömmum tíma. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Norski olíurisinn Statoil:

# Fá bónus fyrir nýja starfsmenn

**NOREGUR** Starfsmenn einnar deildar hjá norska olíurisanum Statoil fá 20 þúsund norskar krónur, jafngildi rúmlega 400 þúsunda íslenskra króna, í bónus takist þeim að fá verkfræðing eða annan fagmann til starfa hjá fyrirtækinu, að því er segir á fréttavefnum e24.no. Þar kemur fram að Statoil þurfi að ráða 1.500 nýja starfsmenn í ár.

Norski þingmaðurinn Alf Holmelid gagnrýnir boðið og segir samkeppni eiga að vera á heilbrigðum grundvelli. **- ibs**



**VERÐMÆTI** Útflutningsverðmæti grásleppuhrogna nam rúmum 2,6 milljörðum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Lítill grásleppuafli erlendis:

# Sömu lönd sitja að markaðnum

**SJÁVARÚTVEGUR Allt bendir til að heimsmarkaðurinn með grásleppuhrogn verði borinn uppi af Íslendingum og Grænlendingum. Á síðasta ári voru löndin með 95% veiðinnar og ef nokkuð er virðist sem þetta hlutfall muni hækka enn, að því er segir á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda.**

**Ástæðan er aflabrestur á Nýfundnalandi og í Noregi. Nú er ljóst að árið 2012 verður ekkert skárra en undanfarin ár.**

**Mikið hefur dregið úr veiði í Nýfundnalandi. Nú er ljóst að 2012 verður fjórða árið í röð sem gefur veiði innan við þúsund tunnur.** **- shá**

Íslenskt verkefni í Belgíu:

# Verður kynnt á Ríó-ráðstefnu

**MENNTUN** Sameinaði leikskólinn Drafnarborg og Dvergasteinn fékk fyrstu verðlaun fyrir verkefni sitt í samkeppni sem helguð var degi umhverfisins í Belgíu.

Markmið verkefnisins var að efla umhverfisvitund ungra barna og miðla kennsluefni í umhverfismennt. Verkefnið verður kynnt á Ríó+20 ráðstefnunni.

Verkefnið gengur út á að hver samstarfsskóli útbúi brúðu sem fulltrúa skólans. Hver brúða á tösku með dagbók og vegabréfi, en brúðurnar fara svo í ferðalag milli landa og læra hver af annarri. **- ktg**

# Steingrímur J. sneri við umdeildri ákvörðun forvera síns

**Landbúnaðarráðuneytið hefur úthlutað tollkvótum vegna innflutnings á búvörum. Nýr ráðherra hefur undið ofan af breytingu Jóns Bjarnasonar á fyrirkomulagi tollkvótanna. Hann hækkaði tollinn til muna.**

**TOLLAMÁL** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur auglýst og úthlutað tollkvótum vegna innflutnings á kjötvörum, smjöri og ostum fyrir tímabilið júlí 2012 til júní 2013. Þá úthlutaði ráðuneytið í fyrsta skipti tollkvótum vegna innflutnings á kinda- og geitakjöti.

„Það hvort ætti að úthluta tollkvótunum hefur yfirleitt verið viðkvæmt mál í ráðuneytinu. Fyrst um sinn var reyndar lítil eftirspurn eftir kvótunum og sérstaklega með tilliti til lambakjöts enda ekki verið vöntun á lambakjöti hér á landi,“ segir Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri framleiðslu- og markaðsskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, og heldur áfram: „En það var ákvörðun núverandi ráðherra að þetta væri þjóðréttarleg skuldbinding Íslands og því bæri að úthluta kvótanum jafnvel þó eftirspurn væri ekki mikil eins og raunar kom á daginn með lambakjötið.“



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Við úthlutunina nú sneri Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra við breytingum sem Jón Bjarnason, forveri Steingríms, gerði á fyrirkomulagi úthlutunarinnar.

Tollkvótarnir sem um ræðir byggja á aðild Íslands að GATT-samningnum svokallaða, á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem Ísland gerðist aðili að árið 1995. Með aðildinni skuldbatt Ísland sig til að hleypa litlu magni búvara inn á innlendan markað með lægri tollum en almennt tíðkast til að auka samkeppni á búvörumarkaði og stuðla þannig að lægra verði fyrir neytendur.



**KJÖTBORÐ** Ráðuneytið úthlutaði í ár í fyrsta sinn tollkvótum vegna innflutnings á kinda- og geitakjöti. Hefur verið veitt heimild fyrir innflutningi á 50 tonnum af lambakjöti og því gæti innflutt lambakjöt birst í kjötborðum verslana á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrirkomulagi þessara lægri tolla var hins vegar breytt árið 2009 af Jóni. Frá 1995 höfðu þetta verið magntollar þar sem föst krónutala var lögð á hvert kíló af innfluttu kjöti en Jón breytti þeim í verðtolla. Við breytinguna hækkuðu tollarnir svo mikið að í mörgum tilfellum varð dýrara að flytja inn vörur á undanþágunni en vörur sem lagðar eru á almennir tollar. Nú hefur Steingrímur hins vegar snúið þessari ákvörðun við.

> Það hvort ætti að úthluta tollkvótunum hefur yfirleitt verið viðkvæmt mál í ráðuneytinu.
>
> **ÓLAFUR FRIÐRIKSSON**
> SKRIFSTOFUSTJÓRI HJÁ SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTINU

Áður hafði umboðsmaður Alþingis gert athugasemd við heimild ráðherra til þess að breyta tollunum. Var í kjölfarið skipaður starfshópur um málið en að vinnu hans lokinni lagði Steingrímur fram frumvarp á þingi um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði framvegis skylt að úthluta tollkvótunum þegar sýnt þyki að ekki sé nægjanlegt framboð af viðkomandi vöru á innanlandsmarkaði. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild ráðherra til þessa. Þá eru skilgreind skýr viðmið sem ráðherra ber að fara eftir þegar hann metur hvort framboð hér sé nægjanlegt. Frumvarp Steingríms náði þó ekki fram að ganga á því þingi sem er nýlokið.

**magnusl@frettabladid.is**

ÓlafurogDorrit.is



Bein útsending
í kvöld frá lokafundinum
á Ísafirði kl. 20:30
á www.ÓlafurogDorrit.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Lene Espersen, fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur

# Íslendingar fylgja ákvörðunum annarra

**Lene Espersen fer fyrir Evrópunefnd danska þingsins sem er í heimsókn hér á landi. Hún er bjartsýn á að viðunandi lausnir finnist á landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum Íslendinga í aðildarviðræðum við ESB. Hún segir aðild hafa gefið Dönum ótalmörg tækifæri og telur skynsamlegt fyrir Ísland að ganga í ESB til að taka þátt í ákvörðunum. Nú þurfi Ísland að fylgja ákvörðunum annarra ríkja í gegnum EES.**



**LENE ESPERSEN** Fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur telur hagsmunum Íslendinga betur borgið innan ESB en utan. Í gegnum EES þurfi Íslendingar að lúta ákvörðunum annarra, stundum smáþjóða á borð við Möltu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Evrópunefnd danska þingsins er stödd hér á landi, en hún hefur viðhaft þá venju að heimsækja öll umsóknarríki ESB á meðan á ferlinu stendur. Lene Espersen fer fyrir nefndinni, en hún gegndi eitt sinn embætti utanríkisráðherra Danmerkur. Hún segist bjartsýn á að lausn náist í helstu ágreiningsmálunum varðandi aðild Íslands, til dæmis málum sjávarútvegsins.

„Það er mín reynsla að þegar lönd sækja um hafa þau fengið sérúrræði. Það voru sérstakar áskoranir varðandi landbúnað á heimskautasvæðum hjá Svíþjóð og Finnlandi, ekki ósvipaðar því sem er á Íslandi. Í Danmörku voru vandamál varðandi sumarhúsin, en við óttuðumst að Þjóðverjar, sem búa við mjög stutta strandlengju, kæmu til Danmerkur og keyptu öll sumarhúsin okkar upp. Við fengum því undanþágu og sérreglu þar um.

Ég er algjörlega sannfærð um að okkur takist að semja sérreglu varðandi íslenskan sjávarútveg.

Ég skil og styð það fullkomlega að þið viljið vernda auðlindir ykkar, sjávarútveginn og kvótann. Hvað landbúnaðinn varðar þá væri það fullkomlega fáránlegt að setja upp skrifræðisbákn fyrir býli með innan við þrjú þúsund kindur.“

Espersen telur að hægt sé að setja sérreglur varðandi hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum, líkt og gert hefur verið í Danmörku. Þar er hlutabréfum skipt í A- og B-hluta og B-bréfin, sem útlendingar mega eiga, gefa ekki atkvæðisrétt í stjórnum fyrirtækja. Þannig haldist fyrirtækin í danskri eigu.

### Horfum á jákvæðu hliðarnar

Espersen segist þekkja það af reynslu Dana að meira sé einblínt á neikvæðar hliðar aðildar. Hún hafi hvatt Íslendinga til að líta einnig til jákvæðu þáttanna. Ísland sé ríkt af auðlindum og aðild að ESB gefi mikla möguleika til að þróa og skapa hátæknistörf og laða fyrirtæki að.

Hún telur mjög mikilvægt að þessir möguleikar séu líka inni í umræðunni á Íslandi. En hvað finnst henni um umræðuna?

„Ég mun að sjálfsögðu ekki skipta mér af íslenskum málefnum, en í Danmörku hafa allir flokkarnir sem eru fylgjandi ESB sammælst um að hvort sem við séum í stjórn eða stjórnarandstöðu viljum við vera uppbyggileg, því við viljum þjóna hagsmunum þjóðarinnar.

Þó minn flokkur, Íhaldsflokkurinn, og Venstre (frjálslyndir) séu núna í stjórnarandstöðu hjálpum við ríkisstjórninni þegar kemur að málefnum ESB og erum mjög uppbyggileg. Um það er samstaða.

Við notum þessi mál því ekki til að stríða hvert öðru í stjórnmálunum. Mér skilst að á Íslandi séu ESB-mál mjög stór hluti af innanríkismálum og menn nýti þau til að koma pólitískum andstæðingum í vanda.

Íslendingar hafa að sjálfsögðu ekki enn tekið afstöðu til aðildar, en ég tel að það sé mjög mikilvægt og þjóni hagsmunum íslensku þjóðarinnar best, verði Ísland aðili, að ná samstöðu um það sem verið er að gera.“

### Ísland hefði mikil áhrif

Umræðan um áhrif eða áhrifaleysi Íslands innan ESB hefur verið hávær. Telur Espersen að Ísland mundi hafa rödd þar inni?

„Já, tvímælalaust. Ég er íhaldskona og er því með ríka þjóðerniskennd. Ég veit að fjölmargir Íslendingar hafa sterka þjóðernisvitund á jákvæðan hátt. Fyrir mér snýst fullveldi, það að taka ákvarðanir um eigin framtíð, einnig um það að sitja við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar.

Ef ESB væri ekki til væru það Þýskaland, Frakkland, Bretland og kannski Ítalía og Spánn sem tækju flestar ákvarðanir fyrir Evrópu. Við yrðum neydd til að fara í þá átt, bæði hvað varðar fyrirtækin okkar, en einnig varðandi fjölda pólitískra mála og varðandi utanríkisstefnu.“

Espersen segir að þegar kemur að ráðherraráðinu hafi hvert land eitt atkvæði. Össur Skarphéðinsson hefði því jafnmikið vægi og William Hague, utanríkisráðherra Breta. Í raun skipti röksemdir meira máli en fólksfjöldi. Hvað varði aðra þætti, s.s. landbúnað, fiskveiðar og innri markað, gildi meirihlutaákvarðanir. Danir hafi verið duglegir að mynda bandalög og Íslendingar gætu gert slíkt hið sama. Þannig sé hægt að ýta málum í gegn eða mynda minnihlutablokkir sem hafi áhrif.

Espersen segir það reynslu sína að þjóðir sem ekki stundi fiskveiðar láti þau mál í hendur fiskveiðiþjóða. Þar gæti Ísland orðið stór áhrifavaldur, með löndum eins og Danmörku, Spáni, Bretlandi og Írlandi.

### Við erum fullvalda þjóð

Fullveldismál lita mjög umræðu um ESB. Hvað segir Espersen um áhyggjur af því að fullveldi glatist við inngöngu í ESB?

„Danir eru fullvalda þjóð. Það er ekki hægt að skilgreina fullveldi með því að segja: Ef við erum ekki hluti af neinu þá erum við fullvalda. Ef svo væri ættu Íslendingar að segja sig úr NATO, því þar eru einnig ýmsar skuldbindingar. Ég held að fæstir Íslendingar láti sér detta í hug að hætta í NATO.

Hvað ESB varðar þá viljið þið vera hluti af ákveðnum efnahagssvæðum. Núna verðið þið hins vegar að fylgja ákvörðunum sem, til dæmis, Malta hefur tekið. Það væri því mun betra að hafa alvöru fullveldi, með því að sitja við borð með þeim sem taka ákvarðanirnar.

Ég mundi aldrei láta mér detta í hug að segja að það væri betra að vera fyrir utan og láta aðra taka ákvarðanirnar.“

### Smáþjóðir hafa áhrif

„Ég hef orðið vitni að því að Malta hefur haft mjög sterk áhrif, til dæmis varðandi dómsmál. Þegar ég var dómsmálaráðherra neitaði Malta stundum ákveðnum málum og Malta er mjög lítið land. Við þurftum hins vegar að virða það.

ESB er eins og fjölskylda þar sem við erum stundum ósammála og að sjálfsögðu verðum við stundum undir í atkvæðagreiðslum. Við vildum harðari reglur um dýraflutninga en fengum það ekki í gegn. Þannig gengur þetta bara fyrir sig hjá ESB. En þegar kemur að mikilvægu málunum hlustar ESB.“




Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



www.volkswagen.is




Volkswagen Polo Trendline TDI

Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Stýrihópur kemur saman til að móta tillögur um eflingu sveitarstjórnarstigsins með rafrænu lýðræði:

# Stjórnsýslan verður gerð aðgengilegri

**STJÓRNSÝSLA** Stýrihópur um rafræna stjórnsýslu og rafrænt lýðræði kom til fyrsta fundar á mánudag en verkefni hópsins er að vinna úr tillögum nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins varðandi rafræna stjórnsýslu og lýðræði. Hópnum er ætlað að skila áfangaskýrslu til innanríkisráðherra í október.

Helstu áherslurnar eru á nauðsyn þess að auðvelda almenningi notkun rafrænnar stjórnsýslu og að rekin verði ein þjónustugátt fyrir alla rafræna þjónustu hins opinbera.

Í skýrslu nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins voru settar fram 24 tillögur um aðgerðir til að efla sveitarstjórnarstigið og tóku níu þeirra til atriða er varða rafræna stjórnsýslu. Nefndin lagði meðal annars til að innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hefðu um það forystu og að vefurinn Ísland.is hjá Þjóðskrá yrði nýttur sem vettvangur fyrir slíkar umbætur.

Eins lagði nefndin til að ráðuneytið hefði forgöngu um gerð einna laga um kosningar og að sett yrði regluverk um rafrænar kosningar og rafræna kjörskrá. Þá var undirstrikað mikilvægi þess að mótað yrði fyrirkomulag varðandi rafrænar undirskriftasafnanir, skoðanakannanir og íbúakosningar. **- shá**



**FYRSTI FUNDUR** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sat fyrsta fund en nefndin er runnin undan rifjum hans. MYND/INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



**Í GÓÐU SKJÓLI** Pekingbúi hniprar sig saman undir regnhlíf til að skýla sér frá dembu og notar tækifærið til að kíkja á símann sinn. NORDICPHOTOS/AFP



**ÓLAFSVÍK** Eftir framkvæmdina verður farsímasamband á Snæfellsnesi betra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Unnið að bótum á mastri:

## Bæta netsamband á nesinu

**FRAMKVÆMDIR** Vinna stendur nú yfir á símamastri í Ólafsvík til að bæta 3G samband á Snæfellsnesinu. Verið er að koma nýjum búnaði fyrir í mastrinu og lækka það, úr 40 metrum í 30. Við það mun minna hvína í mastrinu í vindi. Skessuhorn greinir frá þessu.

Betra samband mun aðallega nýtast sjómönnum á svæðinu, en einnig mun flutningsgeta gagnamagns aukast. Nokkuð hefur verið kvartað yfir lélegu netsambandi á nesinu. Það eru starfsmenn Mílu sem vinna að verkinu. **- kóp**

Nýstárleg leið í Brasilíu:

## Lesa sig út úr fangelsunum

**BRASILÍA Föngum í brasilískum fangelsum mun standa nýstárleg leið til boða til að stytta fangelsisvist sína; að lesa bækur. Hver bók styttir vistina um fjóra daga. Guardian greinir frá þessu.**

**Fangelsi landsins eru yfirfull og með þessu á að grynnka á þeim vanda. Um tilraun er að ræða í fjórum fangelsum landsins. Sérstök skilorðsnefnd velur fangana, en þeir hafa mánuð til að lesa hverja bók og skrifa um hana ritgerð. Fangarnir geta því lesið tólf bækur á ári og stytt vistina um 48 daga. - kóp**

Innkalla hrísgrjón og döðlur:

## Lifandi pöddur hjá Yggdrasil

**NEYTENDUR** Yggdrasill heildverslun hefur innkallað hýðishrísgrjón og döðlur eftir að aðskotahlutir fundust í vörupakkningum frá fyrirtækinu. Um var að ræða lítil lifandi skordýr.

Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Yggdrasils heildsölu, segir þetta ekki óalgengt þegar um er að ræða lífræna ræktun.

„Þetta er algjörlega hættulaust og gerist stundum þegar vörur eru teknar beint af akri," segir hún. Um er að ræða hýðishrísgrjón með dagsetningunni 30.12.13 og döðlur með dagsetningunni 30.04.13. **- sv**

**SAMGÖNGUR**

### Stúdentar fá afslátt

Stúdentaráð Háskóla Íslands og Iceland Express hafa gert með sér samstarfssamning. Í honum felst meðal annars að stúdentar sem bóka flug með félaginu í gegnum auglýsingaborða sem verður á student.is fá 5% afslátt af grunnverði flugmiðans.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný lög eiga að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda:

# Í strætó, á hjóli eða í rafbíl

Hlutur iðnaðar og efnanotkunar er stærstur í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, eða um 44 prósent. Þar á eftir koma samgöngurnar en hlutur þeirra nemur um tuttugu prósentum af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Á dögunum var samþykkt á Alþingi fyrsta heildarlöggjöf um loftslagsmál sem hér hefur verið sett. Með henni er tekið skref í þá átt að sameina lög og reglur sem taka eiga á loftslagsvandanum.

SKOÐUN



**Steinunn Stefánsdóttir**
steinunn@frettabladid.is

Markmið löggjafarinnar er líka að lögleiða reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir, í samræmi við EES-samninginn. Þessar reglur þýða til dæmis að stóriðja og ýmis annar verksmiðjuiðnaður verður hluti af evrópsku kerfi þar sem fyrirtækjum er gert að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum. Ef fyrirtækin ná ekki markmiðum þurfa þau að kaupa heimildir til losunar.

Þróun í samgöngumálum skiptir einnig miklu máli um losun gróðurhúsalofttegunda. Til að fylgja eftir markmiðum um að draga úr losun þar er gert ráð fyrir verulega auknu framlagi ríkisins vegna reksturs almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu næstu árin. Ef vel tekst til má vona að hér takist að byggja upp almenningssamgöngukerfi sem er skilvirkara en það sem nú er við lýði.

Reykjavíkurborg hefur einnig með aðgerðum hvatt til þess að borgarbúar auki hjólreiðar og dragi þar með úr notkun einkabifreiða.

Engu að síður skiptir máli að auka hlut bifreiða sem nýta aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti en nú er staðan þannig að innan við eitt prósent bílaflotans gengur fyrir annars konar orku.

Því skiptir setning laga sem hafa það markmið að fjölga grænum bifreiðum á Íslandi miklu máli. Með lögunum er felldur niður virðisaukaskattur á raf-, vetnis- og tengiltvinnbílum og þar með styrkt samkeppnisstaða þessara bíla gagnvart bílum sem ganga fyrir bensíni og dísel.

Löggjöfin markar skref í átt að því að búa hér til aðstæður þar sem bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku eða menga innan við sett mörk verða raunhæfur valkostur.

Vissulega vantar enn upp á að ytri aðstæður, svo sem varðandi áfyllingar, séu með þeim hætti að hentað geti öllum að skipta yfir í umhverfisvænni heimilisbíl en löggjöfin nýja gerir að verkum að verð á slíkum bílum stenst samanburð við verð á venjulegum bensín- og díselbílum. Löggjöfin sýnir einnig vilja yfirvalda í verki og það verður áhugavert að fylgjast með áhrifum hennar.

Þegar upp er staðið snýst þetta jú allt um það verkefni að skila jörðinni til næstu kynslóðar í jafngóðu en þó helst betra ástandi en tekið var við henni frá kynslóðinni á undan. Þetta verkefni hefur verið mannkyninu verulega ofviða um alllangt skeið en vaxandi vitund er um mikilvægi þess. Hvert skref sem stigið er í þessum efnum skiptir máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

VANTAR ALLAR STÆRÐIR EIGNA Á SKRÁ

Aðstoða einnig við leit að réttu eigninni fyrir þig

HRINGDU NÚNA
699 2900
FRÍTT SÖLUVERÐMAT



Haukur Hauksson
Sölufulltrúi
haukur@remax.is

Reynir Logi Ólafsson hdl.
Löggiltur fasteignasali
reynir@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sagt til vamms

Öll spjót standa nú á Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úr með það að ráðning skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu hefði brotið gegn jafnréttislögum. Nú síðast stigu fram tvær fyrrum þingkonur Samfylkingarinnar, þær Þórunn Sveinbjarnardóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, í Fréttablaðinu og gagnrýndu málið. Bræður munu berjast og systur einnig, því án efa hafa þær Steinunn og Þórunn haldið ófáar tölunar um ómengaða jafnréttishugsun Jóhönnu Sigurðardóttur í gegnum árin. Hún hlýtur nú að velta því fyrir sér hvort hér höggvi sá er hlífa skyldi, eða hvort vinur sé sá er til vamms segir. Svo gæti hún náttúrulega sleppt öllum málsháttum, en það væri verra.



### Grunnt á því góða

Kunnugir segja að yfir vötnum þessarar deilu svífi andi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þræðir Þórunnar, Steinunnar, Önnu Kristínar Ólafsdóttur, sem sótti um stöðu skrifstofustjórans, og Ingibjargar liggja allir saman í Reykjavíkurlistanum. Grunnt hefur verið á því góða með stuðningsmönnum Ingibjargar og Jóhönnu eftir að Magnús Orri Schram og Oddný G. Harðardóttir hlutu sínar vegtyllur, en þau kusu bæði með því að Ingibjörg Sólrún færi fyrir Landsdóm.



### Baráttan hafin

Breytingar verða gerðar á Stjórnarráðinu fyrir 1. september þegar iðnaðarráðuneytið gengur, ásamt fjórum öðrum, inn í atvinnuvegaráðuneyti. Katrín Júlíusdóttir er væntanleg úr fæðingarorlofi, en Oddný er á fleti fyrir í ríkisstjórn og væntir þess að vera áfram fjármálaráðherra. Segja má að hún hafi hafið baráttuna um ráðherrastólinn með viðtali í Fréttablaðinu á mánudag.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Veiðigjald: Hvers vegna að rífast?

Sjávarútvegsmál



**Þorkell Helgason**
stærðfræðingur

Íleiðara Fréttablaðsins 21. júní sl. dregur ritstjóri blaðsins saman stöðuna í kvótamálinu nú að þingi loknu. Hann fagnar því réttilega að „þverpólitísk samstaða [hafi orðið] um að fiskveiðiauðlindin væri sameign þjóðarinnar, að kvótinn væri aðeins afnotaréttur og að innheimta ætti auðlindagjald fyrir þau afnot. Landssamband íslenzkra útvegsmanna væri meira að segja búið að fallast á þessar grundvallarkröfur, en að ágreiningurinn væri fyrst og fremst um upphæð gjaldsins“. Síðan bætir hann við þeirri skoðun sinni að „[v]eiðigjaldið [sé] að líkindum af hátt, þrátt fyrir málamiðlunina. … Það er engum í hag að kyrkja gullgæsina, sem stendur undir svo mikilli verðmætasköpun í landinu“.

> Sem betur fer er það liðin tíð að stjórnvöld, hvað þá þingmenn, séu að véla um verð á einstökum vörum.

Það á ekki að þurfa að deila um það hvert sé hið „rétta“ pólitískt ákvarðaða veiðigjald. Við því mun aldrei finnast neitt algilt svar. Segjum að þjóðin ætti olíuna sem þarf á skipin og að þingmönnum væri falið að verðleggja þessa mikilvægu rekstrarvöru útgerðarinnar. Er líklegt að sátt yrði um verðið? Sem betur fer er það liðin tíð að stjórnvöld, hvað þá þingmenn, séu að véla um verð á einstökum vörum. Það er löngu búið að finna upp almenna og hagkvæma aðferð til verðlagningar sem er verðmyndun á frjálsum markaði.

Hví er nær aldrei fjallað um markaðsleiðir til ákvörðunar á veiðigjaldi, hvorki af stjórnmálamönnum né af virtum ritstjórum, núverandi eða fyrrverandi? Í þess stað er karpað um of lágt eða of hátt veiðigjald. Um markaðsleiðir hefur þó margt verið skrafað og skrifað, t.d. í ítarlegri skýrslu handa svokallaðri sáttanefnd í sjávarútvegsmálum; sjá 8. fylgiskjal á vefsíðunni www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10194 en þar er útfærð markaðsleið með fyrningu og uppboðum á kvótum. Undirritaður rifjaði málið upp í Fréttablaðinu 14. júní sl.

„Gullgæsin“, svo að notuð sé samlíking Fréttablaðsritstjórans, á sjálf að ákvarða hvað hún er fús að greiða fyrir mikilvægustu aðföng sín, fiskinn í sjónum. En hver einstök gæs verður að taka þá ákvörðun, ekki landssamband gæsanna og heldur ekki gæsahirðarnir við stjórnvölinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mikilvægasta skrefið

Fjármál

Pétur Einarsson
forstjóri Straums fjárfestingabanka



Spurningin um hvort aðskilja beri fjárfestingabankastarfsemi frá viðskiptabankastarfsemi á Íslandi hefur færst ofar á dagskrá þjóðfélagsumræðunnar að undanförnu. Margt kemur til. Nýverið skilaði efnahagsráðherra skýrslu til Alþingis um framtíð íslensks fjármálakerfis. Í skýrslunni er farið yfir kosti og galla aðskilnaðar. Tilgangurinn með þessari grein er að færa frekari rök fyrir því af hverju fjárfestingabankastarfsemi á Íslandi er ekki vel komið fyrir undir sama hatti og innlánastarfsemi viðskiptabanka.

Fjárfestingabankar eru nauðsynlegir hverju þróttugu hagkerfi. Hlutverk þeirra er að þjónusta stærri fyrirtæki á markaði og þá fagfjárfesta sem stunda áhættumestu bankaviðskiptin. Þeir gera fyrirtækjum kleift að fjármagna sig á skulda- og hlutabréfamarkaði og þeir stunda m.a. miðlun og viðskiptavakt á verðbréfamarkaði. Starfsemi fjárfestingabanka er í eðli sínu áhættusamari en hefðbundin viðskiptabankastarfsemi sem felst í að taka við innlánum almennings (með beinni ríkisábyrgð eins og er) og veita útlán gegn veði. Viðskiptabankar hafa ríku hlutverki að gegna við greiðslumiðlun á milli bæði einstaklinga og fyrirtækja. Sterkir viðskiptabankar eru forsenda fyrir frjálsum viðskiptum og skilvirku viðskiptalífi. Því miður er það hliðarverkun af þessu mikilvæga hlutverki viðskiptabankanna að ríkið getur þurft að koma þeim til bjargar á kostnað skattgreiðenda þó að bein ríkisábyrgð sé ekki í gildi, ef þeir hætta að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Standi hefðbundnir viðskiptabankar líka í fjárfestingabankastarfsemi þá eru þeir líklegir til að vera með stærri efnahagsreikning og dýrara verður að koma þeim til bjargar. Sérstaklega er þessi hætta til staðar á Íslandi þar sem fjármálamarkaðurinn er lítill. Lendi viðskiptabanki í vandræðum kemur það niður á trausti á mörkuðum og leiðir yfirleitt til almennra verðlækkana á eignamörkuðum. Sú þróun getur haft þær afleiðingar að fjárfestingabankastarfsemi viðkomandi banka verði til skamms tíma ekki sjálfbær og auki þannig á vandræði hans. Því til viðbótar setur hún starfsemi annarra fjárfestingabanka í uppnám. Fjárfestingabankastarfsemi getur líka ein og sér, eins og Íslendingar þekkja, verið orsök þess að bankar þurfi á ríkisaðstoð að halda. Þess vegna er betra að hafa fjárfestingabankastarfsemi aðskilda frá almennri innlánastarfsemi með óbeinni ríkisábyrgð.

Bent hefur verið á að nokkur stærðarhagkvæmni geti falist í að reka fjárfestingabankastarfsemi innan hefðbundins viðskiptabanka. Hættan við að reka þessa starfsemi saman er sú að ódýr innlán frá almenningi verði nýtt til að fjármagna áhættusama fjárfestingabankastarfsemi. Ásamt því að fyrirtæki sem er í hefðbundinni bankaþjónustu hjá viðskiptabanka verði boðið að kaupa fjárfestingabankaþjónustu og öfugt. Saman geta þessi atriði leitt til þess að fáir en stórir aðilar sitji einir að því að bjóða fjármálaþjónustu á Íslandi. Samþjöppun af þessu tagi skarast á við markmið um heilbrigða samkeppni á virkum og frjálsum fjármálamarkaði með eðlilega verðmyndun. Til að ná þessum markmiðum er æskilegt að óháðir fjárfestingabankar leiði fyrirtæki og markaðsaðila saman á markaði. Þá er áhættunni dreift og meiri líkur á að hún sé rétt verðlögð. Auk þess er komið í veg fyrir freistnivanda og hagsmunaárekstra, eins og þá sem skapast þegar sami stóri bankinn veitir bæði kaupendum og seljendum ráðgjöf og lánar fyrir viðskiptunum. Út um allan heim hefur verið umræða um leiðir til þess að draga úr áhættu sem fjármálakerfi skapa. Þegar sú umræða er heimfærð á Ísland verður að hafa í huga hversu lítill og viðkvæmur íslenski fjármálamarkaðurinn er í alþjóðlegum samanburði. Vegna smæðarinnar geta einstaka stórir þátttakendur eða einstakir atburðir haft óeðlilega mikil áhrif á fjármálamarkaðinn og valdið miklu tjóni. Þess vegna þarf að ganga enn lengra hér en annars staðar til þess að stuðla að virkri samkeppni, koma í veg fyrir samþjöppun og tryggja að áhættusömustu bankaviðskiptin séu ekki með óbeinni ríkisábyrgð.

Ljóst má vera af þessari umfjöllun og því sem kemur fram í ágætri skýrslu efnahagsráðherra að breyta þarf lögum og reglum um fjármálamarkaði til að auka skilvirkni þeirra. Bankar sem taka við innlánum frá almenningi þurfa að vera minni og takmarka þarf hvaða áhættu þeir mega taka. Tryggja þarf betur samkeppni og minnka kerfisbundna áhættu í hinu íslenska fjármálakerfi. Mikilvægasta skrefið í þá átt er að skilja að fjárfestingabanka og viðskiptabanka.

# Ekki forsetakosningar?

Forsetakosningar

Stefanía G. Kristínsdóttir
áhugamanneskja um forsetakosningar



Allar líkur eru á því að Ólafur Ragnar Grímsson verði kjörinn áfram til að gegna embætti forseta Íslands eftir kosningarnar 30. júní þrátt fyrir að hafa lýst yfir eindregnum vilja sínum til að yfirgefa embættið og snúa sér að öðrum verkefnum í áramótaávarpi sínu. Aðspurður um hvað hafi orðið til þess að breyta afstöðu hans þá vísar hann í þann hóp fólks sem kallaði eftir framboði hans sem og þess hóps sem stóð á bak við þá smölun. Forsendur hans og fyrrnefnds hóps eru þær að „á þeim óvissutímum sem við lifum nú sé mikilvægt að hafa reyndan og öflugan forseta sem getur verið málsvari/verndari þjóðarinnar“ og var þar m.a. vísað til vantrausts þjóðarinnar til Alþingis.

Ólafur hefur breytt forsetakosningunum frá því að vera val á milli einstaklinga í að vera pólitísk málsvörn sitjandi forseta, varnarræða sem snýst um að réttlæta afglöp hans og koma á framfæri hetjudáðum hans á síðustu 16 árum. Aðrir frambjóðendur hafa ekki sömu forsendur og Ólafur til að svara fyrirspurnum fjölmiðlamanna um forsætisembættið þar sem allur málflutningur byggir á fordæmum sem flest koma frá embættis- eða valdatíð Ólafs.

Forsetakosningarnar snúast ekki lengur um að velja besta frambjóðandann heldur um að velja annað hvort Ólaf eða þann sem líklegastur er til að fella Ólaf, jafnvel þó kjósendur telji að einhver annar frambjóðandi sé betur til þess fallinn að gegna embættinu. Með framboði Ólafs má leiða líkur að því að margir sem íhuguðu framboð hafi hætt við þar sem fyrirséð var hvaða leikflétta færi í gang. Hver er framtíð forsetaembættisins í ljósi þess að sami maðurinn hefur setið þar svo lengi og ætlar sér að sitja áfram? Ólafur sagði sjálfur að æskilegt væri að forseti sæti eigi lengur en 12 ár.

Er gott að vera með forseta sem tæplega helmingur þjóðarinnar styður og hinn helmingurinn er á móti? Verður það ekki til þess að forsetaembættið verði í sömu skotgröfunum og Alþingi? Erum við að nálgast lýðræði með því að ala á ótta sem veldur því að þjóð kýs forseta sem ætlar að vernda hana á óvissutímum og þá jafnvel gegn þeirra eigin þjóðþingi eða ógnvænlegum alþjóðlegum áhrifum? Hvers virði er lýðræði ótta og aðdáunar á einstaklingsframtaki forsetans?

Starfsfélagi minn sagði einu sinni að „það er betra að fleiri vitleysingjar ráði en færri“ og því er ég sammála – það er betra að fleiri en einn þjóðkjörinn fulltrúi ráði.

Ef til vill ætti enginn að sitja of lengi í valdastóli – hvorki í forsetastóli né á Alþingi. Sú regla er viðhöfð í ýmsum félagsskap og fyrirtækjum að stjórnarmenn sitji ekki lengur en 3-5 ár í senn, mætti ekki setja fram svipaða reglu varðandi forseta og alþingismenn, hámark 2-3 kjörtímabil?



husa.is

# FERÐA DAGAR

## Í HÚSASMIÐJUNNI





1.390 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Moscow**
6°C
Stærð 230 x 80/50 cm
0,95 kg
Efni: 190T Polyester
Fylling: Hollow fiber 200gr/m²
3000421



## 2 MANNA

**Riga**
Stærð: 200 x 140 x 100 cm
Efni: 170T Polyester PA 450 mm
Stangir: Fiberglass 6,9 mm
Þyngd 1,7 kg
3000410

2.490 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

## TJÖLD Á FRÁBÆRU VERÐI



**Athina**
2 herbergi
Stærð að utan: (140 x 180 x 140) x 210 x 190 cm
Stærð að innan: 120 x 120 x 150 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 9,5 / 8,5 mm
Lóðrétt stöng úr stáli, 16 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 8 kg
3000414

**4 MANNA** ......... **20.895 kr.**
**6 MANNA** ......... **24.990 kr.**



### 3 MANNA

**Madrid**
Stærð að utan: (130 x 210 ) x 210 x 130 cm
Stærð að innan: 210 x 210 x 130 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 9,5 / 8,5 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 3,5 kg
3000412 ........................ **10.489 kr.**



### 2 MANNA

**Apia**
Stærð að utan: (95 + 205 ) x 160 x 110 cm
Stærð að innan: 205 x 160 x 110 cm
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Innra efni: Öndunarefni úr Polyamid
Stangir: Fiberglass 7,9 mm
Gólfefni: PE
Þyngd 2,2 kg
3000411 ........................ **5.649 kr.**

## FERÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI




**Vindsængur**




**Tjaldstóll**
3901474




**Kælibox**
24 ltr
3899342



**Pottasett**
5 stk
3900630
**2.990 kr.**



**Tjaldlugt**
M innbyggðum kompás
3900605
**3.949 kr.**



**Áhaldasett**
3901532
**890 kr.**



**Gashelluborð**
3901492
**6.990 kr.**

## ÚTIVISTARFATNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI



**11.990 kr.**

**Garsport gönguskór**
Gartex öndun
5863884



ÚTIVISTARBUXUR BARNA
**5.990 kr.**
DÖMU OG HERRA
**7.990 kr.**
5871335

HÆGT AÐ RENNA AF SKÁLMUM



**8.990 kr.**

**Flatflíspeysa á dömur**
5870799

**Heilgallar**
Bleikir, svartir, gráir og bláir
5871404/25



BARNA **6.990 kr.**
FULLORÐINS **8.590 kr.**




## SJÁÐU ENN MEIRA ÚRVAL Í SUMARAUKANUM Á HUSA.IS

**NÝTTU ÁVÍSUNINA STRAX!**
gildir aðeins til 1. júlí

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

FJÁRMÖGNUNARSAMNINGAR
Réttaróvissa

*Samök iðnaðarins, SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu* og *Samtök atvinnulífsins* efna til opins fundar um réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar nýlegra dóma um fjármögnunarsamninga fyrirtækja og útreikning vaxta af erlendum lánum, sem dæmd hafa verið ólögleg.

Fundurinn verður haldinn á **Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 28. júní nk. kl. 8.30–10.00.**

Fundarstjóri er Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

**Frummælendur:**
Þorsteinn Einarsson hrl.
***- Lýsingardómurinn og fordæmisgildi hans.***

Einar Hugi Bjarnason hrl.
***- Vextir ólöglegra erlendra lána.***
***- Hvenær má vænta niðurstöðu?***

Skráning á: **www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
SI Samtök iðnaðarins
SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

# Um fjórfrelsi dýranna og reglur ESB

Innflutningur dýra

Guðni Ágústsson
fyrrv. landbúnaðarráðherra



Við Íslendingar vöknuðum einn morgun við mikið uppnám – litlum merði hafði verið smyglað inn í landið með Norrænu. Allt fór á annan endann sem eðlilegt var. Þetta var í fyrsta lagi lögbrot að flytja lifandi dýr beint inn í landið. Og í öðru lagi gat verið mikil hætta á ferðum um að dýrið bæri sjúkdóma með sér. Einstaklingurinn sem afbrotið framdi hefur kannski talið sig í sama rétti og þann sem flytur dýr á milli landa í Evrópu, þar eru löndin jafn sett í þessu efni. Merðinum litla var lógað þegar til hans náðist. Hér gilda eðlilega allt aðrar reglur vegna þess að Ísland er laust við megnið af smitsjúkdómum húsdýranna í Evrópu. En dýrastofnar okkar eru bæði heilbrigðir og viðkvæmir, þeir bera ekki í sér sömu mótefni gagnvart sjúkdómunum. Því er staðan sú að ef smit berst hingað getur orðið dýrafellir og gríðarlegt fjárhagslegt tjón. Þetta bann snýr því einnig að dýravernd hjá okkur og auðvitað höfum við orðið fyrir tilfinnanlegum skaða af sjúkdómum sem hafa eigi að síður borist hingað.

### Hrossapest í skósóla

Flestir muna eftir hitapest í hrossum sem olli miklu tjóni fyrir nokkrum árum, og talið er að hafi borist með skítugum reiðfatnaði eða skóm hestamanns. Svo ekki sé talað um vonda sjúkdóma sem bárust hingað á síðustu öld með innflutningi búfjár, t.d. karakúlfé. Við höfum glímt við afleiðingar af mæðiveiki, sauðfjárriðu, garnaveiki og kláða sem allt barst til landsins. Okkur hefur tekist með ærnum tilkostnaði að útrýma sumum þessara sjúkdóma. Eða þá tekist að hemja þá og halda þeim í skefjum, þó skýtur sauðfjárriðan upp kollinum öðru hvoru með vondum afleiðingum og niðurskurði. Stundum hefur borist hingað hunda- og kattafár sem hefur leikið þessi húsdýr okkar grátt. Góða staðan er hins vegar sú að við erum laus við þá ógnvænlegu sjúkdóma sem fara oft eins og eldur í sinu um mörg ESB-lönd, ég nefni gin og klaufaveiki og kúariðuna. Hér eru smitsjúkdómar í húsdýrum örfáir og allir undir kontról og sjúkdómavarnir okkar góðar. Í Evrópu skipta þessir sjúkdómar tugum og koma upp með jöfnu millibili, sumir þeirra ógna lífi manna og dýra.

### Hin banvæna fluga

Það má aldrei slaka á öryggisnetinu, við ættum frekar að herða það ef eitthvað væri. Ég þakka tollvörðum þeirra árvökulu augu. Þeir stöðva margan lögbrjótinn og mér er sagt að stundum sé þetta fólk með bréf frá ESB um að það megi fara með dýrið til Íslands, þeir kvitta upp á glæpinn af vangá. Erlendir veiðimenn gætu með útbúnaði sínum borið sjúkdóma í laxfiska veiðiánna eða silung vatnanna. Því gilda strangar reglur um sótthreinsun og æskilegast að þeir komi ekki með veiðigræjur sínar með sér til landsins. Í viðræðum Íslands og ESB liggja faldar hættur. ESB hefur engu landi gefið eftir fjórfrelsi dýranna og skilningurinn í Brussel er ekki séður með gleraugum dýralæknisins hvort í hlut eiga lifandi dýr eða hrátt kjöt sem einnig getur verið smitberi. Kann að vera að doktorsprófið í kynæxlun laxfiska hjálpi Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra til að kokgleypa ekki banvæna flugu eins og fjórfrelsi húsdýranna er okkur Íslendingum.

### Öryggishlið í Keflavík

Hér ætti að vera öryggishlið í Keflavík og á Seyðisfirði sem allir þeir færu um sem eru með fatnað eða annað og ætla í sveitina eða t.d. nú á Landsmót hestamanna. Eins er áróður og upplýsingar í flugvélum komufarþega mjög takmarkaður hvað hættuna varðar. Og Íslendingar sjálfir eru því miður alltof margir kærulausir erlendis. Nýja-Sjáland er heilbrigt land hvað dýrasjúkdóma varðar og mikið útflutningsland á matvælum. Að ganga af kæruleysi um þeirra landamæri er glæpur og tekið hart á sökudólgunum. Vonandi hefur litli mörðurinn gert það gagn að hann opnar augu okkar fyrir því að innflutningur lifandi dýra og á hráu kjöti er dauðans alvara.




Sumartilboð Á VÖLDUM HJÓLUM

CB1000R Tilboð kr. 1.690.000
CBR1000RR Tilboð kr. 2.390.000
PCX Tilboð kr. 569.000
VT750C Shadow Tilboð kr. 1.490.000
VT1300CX Tilboð kr. 2.650.000
VT750C Black Spirit Tilboð kr. 1.690.000

Komdu og skoðaðu úrvalið af Honda mótorhjólum.
Erum í sumarskapi, allt að 75% fjármögnun.

HONDA
www.honda.is
1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bilver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

AF NETINU

### Virðing fyrir valkostum

Mikið væri gott ef Íslendingar gætu gert upp hug sinn til forsetaframbjóðendanna af virðingu fyrir valkostunum, frekar en þeirri lítilsvirðingu sem nú veður uppi gagnvart „mótframbjóðendum“ óskaframbjóðandans.
Forsetaframbjóðendurnir eru allir mjög frambærilegt fólk, vel menntað, vel máli farið, vel hugsandi – sumsé framúrskarandi fólk. Persónulega finnst mér það mikið ánægjuefni hversu gott mannval okkur stendur til boða að þessu sinni.
Eigum við ekki bara að gera upp hug okkar til þessara frábæru frambjóðenda með því að velja þann sem stendur fremstur gagnvart okkur sjálfum ... og láta svo hina frambjóðendurna í friði?
http://blog.pressan.is
**Ólína Þorvarðardóttir**



**ÁFENGISMÆLAR**
**Frá 1. júlí er öllum ökumönnum sem aka um Frakkland skylt að hafa áfengismæli í bílnum. Þetta á jafnt við um útlendinga sem Frakka. Hægt verður að kaupa slíka mæla í ferjum, á öllum bensínstöðvum og víðar. Eftir 1. nóvember verður beitt sektum sé ekki mælir í bílnum.**

BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
iittala
10% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# KÆRLEIKSÞJÓNUSTA Í KÓLUMBÍU

**FALLEGT LAND** *Magnea Sverrisdóttir og sr. Sigrún Óskarsdóttir heilluðust af landi og þjóð þegar þær heimsóttu Bógóta í Kólumbíu á dögunum, á vegum Lútherska heimssambandsins.*

Magnea Sverrisdóttir djákni og séra Sigrún Óskarsdóttir eru nýkomnar heim frá borginni Bógóta í Kólumbíu. Þar dvöldu þær í ellefu daga við fundarhöld en Magnea situr í 48 manna stjórn Lútherska heimssambandsins. Magnea segir landið hafa komið á óvart: „Þetta er ótrúlega fallegt land. Það er ríkt af auðæfum í jörðu og ávextirnir sem vaxa þarna virðast takmarkalausir. Fólkið er bæði fallegt og vinsamlegt og maturinn góður.“ Borgin er í 2600 metra hæð og þar eru engar árstíðir heldur skiptist árið í regn- og þurrkatímabil. Sólin rís alltaf um sexleytið og sest tólf tímum síðar, allan ársins hring.

Lútherska heimssambandið heldur stjórnarfundi einu sinni á ári. Staðsetningin í ár var valin til þess að styðja við það hjálparstarf sem sambandið stendur að í landinu og til að vekja athygli sambandsaðila á aðstæðum fólks í Kólumbíu og Suður-Ameríku almennt. „Það er mikil löggæsla í borginni og okkur var bent á að það væri ekki skynsamlegt að vera mikið á ráfi,“ segir Magnea og bætir við að í Kólumbíu búi 47 milljónir manna og þar af margar milljónir við mjög erfið kjör, sérstaklega úti á landsbyggðinni þar sem hryðjuverkamenn og eiturlyfjahringir beita fólk órétti. Sigrún segir að mikil spenna hafi verið í loftinu og vopnaðir menn á hverju horni. Magnea bætir við: „Fólk lifir sem flóttamenn í eigin landi.“

Þær stöllur, Magnea og Sigrún, fóru út með sjálfsstyrkingarefnið Konur eru konum bestar og kynntu það fyrir heimssambandinu. Efni þetta hefur verið kennt í meira en áratug í íslensku kirkjunni og reynst vel.

Magnea segir enn fremur stórt skref hafa verið stigið í réttindamálum samkynhneigðra á fundinum: „Í síðustu viku gerðust þau tíðindi á stjórnarfundi Lútherska heimssambandsins að í fyrsta sinn var hjónaband samkynhneigðra sett formlega á umræðudagskrá.“ Þetta þykja kannski ekki mikil tíðindi á íslenska vísu en í mörgum löndum er hreinlega lögbrot að ræða þessi mál. „Þetta var mikilvægt skref sem hefur átt sér langan aðdraganda og er vonandi upphafið að sameiginlegri ferð okkar í átt að heimi þar sem allir sitja við sama borð.“

■ halla@365.is



**KONUR ERU KONUM BESTAR** Séra Sigrún Óskarsdóttir og Magnea Sverrisdóttir kynntu sjálfsstyrkingarefni fyrir konur á ráðstefnu Lútherska heimssambandsins í Bógóta á dögunum.
MYND/ERNIR

Vandaðir þýskir herraskór í úrvali
Léttir og þægilegir herra-sumarskór úr leðri, skinnfóðraðir. Litir: cognac og svart - Stærðir: 40 - 46 - Verð: 14.700.-
Misty skór Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ÞÚSUNDIR MYNDBANDA
vísir - oft á dag

MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA
Sérstök brúðkaupsgjöf
KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE
Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.
Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.
Gildir um KitchenAid hrærivélar
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# DJAMMFERÐIR TIL SÓLARLANDA

**VINSÆLT HJÁ UNGU FÓLKI** *Djammferðir til sólarlanda færast í aukana hjá unga fólkinu. Sömu staðirnir hafa verið vinsælir hjá Íslendingum í mörg ár.*

Algengt er að ungt fólk hópi sig saman og fari í ferðir til sólarlanda. Í þess konar ferðum er markmiðið yfirleitt ekki að skoða sögufræga staði eða slaka á. Margir bæir sem staðsettir eru við Miðjarðarhafið eru þekktir fyrir að vera fjörugir djammstaðir. Á þeim stöðum eru göturnar stútfullar af börum og skemmtistöðum.

Einnig hefur færst í aukana að fara á tónlistarhátíð en það er öðruvísi djammferð. Þá er gist í tjaldi og sjaldnast eru barir þar sem hægt er að skella sér á fína kokkteila.

Dagurinn í sólarlandadjammferð lýsir sér yfirleitt þannig að vaknað er rétt fyrir hádegismatinn því morgunmaturinn byrjar of snemma. Það veltur á ýmsu hvort fólk hefur lyst á mat eftir kvöldið á undan og síðan er farið út að sundlaug og slakað á, jafnvel pantaður einn afréttari. Eftir sólbaðið er farið í sturtu, út að borða og út á lífið aftur.

**BENIDORM**

Benidorm er þekktur ferðamannastaður og er ferðaiðnaður uppistaða bæjarins. Bærinn einkennist af háhýsum og fallegri strönd. Mikið er af fatabúðum við ströndina og eru allnokkrar götur tileinkaðar næturlífinu þannig að þeir sem vilja skemmta sér hafa úr nægu að moða og engum þarf að leiðast.

**MARMARIS**

Marmaris er hafnarbær í Suður-Tyrklandi. Áður fyrr var bærinn þekktur fiskimannabær en í dag þrífst atvinnulífið á ferðamönnum. Bærinn er einstaklega fallegur, milli tveggja fjalla. Þægilegar strendur og tær sjór gera bæinn einstakan. Fjörugt skemmtanalíf er á Marmaris og einkenni skemmtanalífsins eru vatnspípubarir.

**IBIZA**

Ibiza er ein af Baleares-eyjunum hjá Spáni. Það tengja eflaust allir Ibiza við djamm, enda einkennir eyjuna öflugt næturlíf og raftónlist. Hippar settu svip sinn á eyjuna um miðja síðustu öld og sumir þeirra settust þar að. Seinustu ár hafa yfirvöld á Spáni reynt að gera eyjuna að fjölskylduvænni stað. Margir heimsfrægir tónlistarmenn og plötusnúðar koma við á Ibiza og spila á næturklúbbum þegar þeir eru í tónleikaferðalagi um Evrópu.

■ gunnhildur@365.is



**NÓTTIN ER UNG** Hvað er skemmtilegra en að fá sér kokteil við suðræna strönd?

## GOTT AÐ VITA

**■ HEILSAN**

**Þegar farið er í sólarlandaferð er nauðsynlegt að hafa evrópska heilsutryggingakortið með sér. Maður veit aldrei hvað getur komið fyrir. Evrópska sjúkratryggingakortið tryggir rétt til ákveðinnar heilbrigðisþjónustu á ferðalögum í löndum EES og Sviss. Ríkisborgarar Íslands og annarra EES-landa sem eru búsettir og sjúkratryggðir á Íslandi geta fengið kortið hjá Sjúkratryggingum.**

**Gætið varúðar á ferðalögum og hafið í huga að þjófnaðir eru algengir á sólarströndum. Ágætt ráð er að taka ljósrit af vegabréfi, heilsutryggingakorti og ökuskírteini áður en farið er til útlanda. Geymið ljósritin í öryggishólfi hótelsins.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



ÚTSALA HAFIN!
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 eða 894 2737
Sumarnámskeið 11. júlí 2012 ef næg þátttaka verður




BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00





Blómálfar & vatnadísir
2. - 9. ágúst
Bodensee telst með fallegustu vötnum Evrópu og á landamæri að Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Þessi töfrandi ferð hefst á flugi til München. Þaðan er haldið til Füssen þar sem ævintýrahöllin Neuschwanstein verður skoðuð. Gist í Füssen og síðan ekið til Friedrichshafen við Bodensee þar sem gist verður í 4 nætur á hóteli alveg við vatnið. Farið verður í skemmtilegar skoðunarferðir, t.d siglt yfir vatnið og blómaeyjan Mainau heimsótt. Heiðurinn að þessum stórglæsilega lystigarði á Bernadotte greifi. Ekið inn í Sviss til Urnäsch við Säntis fjall, þar sem hægt er að komast upp í 2502 m hæð með kláfi. Þaðan er stórkostlegt útsýni yfir til 6 landa. Komið til Lindau, sem er heillandi bær og sá stærsti við vatnið. Ferðin endar í Augsburg þar sem gist verður í 2 nætur. Þar skoðum við m.a. fyrstu verkamannabústaði í heimi, sem Fugger kaupmannaættin reisti á 15. öld og enn er búið í, en leigan hefur ekki hækkað síðan þá!
**Fararstjóri: Þórhallur Vilhjálmsson**
**Verð:** 179.700 kr. á mann í tvíbýli
**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, hálft fæði, allar skoðunarferðir með rútu, ferja frá Meersburg til Konstanz og íslensk fararstjórn.
Spör ehf.
ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
Travel Agency Authorised by Icelandic Tourist Board
www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Útsalan hefst í dag
20-70% afsláttur af öllum vörum

Vertu vinur f
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

# VERKFRÆÐISTOFUR &ÞJÓNUSTA

**Kynningarblað** Ráðgjöf, ungir verkfræðingar, starfsemi erlendis, verkfræðinám og verkfræðiundur



Hér eru yngstu starfsmenn verkfræðistofunnar EFLU á göngubrúnni yfir Hringbraut en stofan hannaði brúna. MYND/GVA

# Við viljum að unga fólkið eigi framlag

**Verkfræðistofan EFLA leggur áherslu á að virkja ungt fólk innan fyrirtækisins í sem flestum verkefnum þess. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Guðmundur Þorbjörnsson, segir stórar verkfræðistofur vera mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir ungt tæknifólk.**

Starfsfólk EFLU á Íslandi um þessar mundir er rúmlega 220 talsins. Þar af eru yfir fjörutíu sem eru þrjátíu ára eða yngri og 75 manns í fyrirtækinu eru 35 ára eða yngri. Guðmundur Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins en hann segir þessar tölur koma mörgum á óvart: „Margir virðast halda að í verkfræðifyrirtækjum starfi fyrst og fremst mosavaxnir verkfræðingar,“ segir Guðmundur og brosir, „en því fer fjarri. Þetta er mjög lifandi og dínamískt umhverfi og auðvitað hefur unga fólkið mikil áhrif á hvernig blærinn í fyrirtæki okkar er.“

Guðmundur segir enn fremur að íslenskar verkfræðistofur gegni stóru hlutverki í þjálfun ungs tækni- og vísindafólks á Íslandi. „Stærri stofurnar eru nokkurs konar uppeldisstöðvar. Við ölum upp lykilfólk sem í framtíðinni mun byggja upp innviði samfélagsins og atvinnulífsins. Það er mjög mikilvægt að þessari kynslóð séu sköpuð áframhaldandi tækifæri á Íslandi.“

### Hvers er krafist af unga fólkinu?

Guðmundur segir mikilvægt að nýir starfsmenn EFLU fái rétta leiðsögn. Þeim til leiðsagnar er skipaður svokallaður „fóstri“ sem fylgir viðkomandi fyrstu mánuðina. „Unga fólkið gengur ekki fullskapað inn í verkefnin og við þurfum að leiðbeina þeim,“ segir Guðmundur og bætir við að þó sé nauðsynlegt fyrir nýliða að hafa góða undirstöðu á einhverju af helstu sviðum fyrirtækisins. „Grundvallaratriðið er að nýir starfsmenn spyrji spurninga því aðeins þannig þroskast þekkingin. Þetta er efnilegt fólk sem þarf ekki að óttast að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum. Við viljum að það eigi framlag. En það er jafnframt mikilvægt að meta hvert tilvik fyrir sig og þekkja mörkin.“

### Sumarstarfsmenn safna reynslu

Guðmundur segir flesta starfsmenn fyrirtækisins fastráðna en EFLA taki þó inn námsmenn á sumrin. „Við gefum þeim tækifæri til að taka þátt í raunverulegum verkefnum og þeir standa sig undantekningarlaust vel. Eins höfum við skipulagt verkefni, til dæmis í samstarfi við Nýsköpunarsjóð, en einnig rannsóknarverkefni sem við skilgreinum og vinnum á eigin vegum. Þá getum við oft nýtt sumarfólkið mjög vel í áhugaverðum hlutum, þar sem hugmyndaflugið fær að njóta sín vel.“

EFLA starfar mikið í alþjóðlegu umhverfi og það er enn fremur áhugaverður vinkill fyrir unga fólkið og bætir verulega í reynslubankann.

### Fólk með ný viðmið

EFLA hefur getið sér gott orð fyrir umhverfisstefnu sína. Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar í samræmi við vottað umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins.

Guðmundur segir yngri kynslóðina hafa annars konar meðvitund og skilning, bæði á umhverfinu og samfélaginu. „Við hvetjum unga fólkið til að deila hugmyndum sínum með okkur. Það er raunar mikið af ungu fólki hjá okkur sem vinnur á þessum nýju sviðum,“ segir Guðmundur en bætir því við að yngstu kynslóðinni sé þó dreift á öll svið fyrirtækisins.

### Ungt fólk í öllum verkefnum

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki í verkfræði, tækni og samfélagsgerð með meginstarfsemi á Íslandi og ráðgjöf víða um heim. Markmið þess er að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustu og lausnir, sama hvert eðli eða umfang verksins er. Guðmundur leggur áherslu á mikilvægi ungs fólks í þessum hópi: „Við viljum hafa ungt og efnilegt fólk í bland við reynslumikla sérfræðinga með langan starfsaldur – og allt þar á milli.“

EFLA hefur séð um verkfræðilega hönnun og veitt ráðgjöf í mörgum af stærri verkefnum í samfélaginu. Reynslumikið fólk leiðir þar hópinn en leitast er við að hafa þá reynsluminni með. Guðmundur segir slík verkefni mikilvæg svo ungir starfsmenn fái tækifæri til að kynnast stærri umgjörð í veigameiri verkefnum: „Það er mikilvægt að tryggja hringrás þekkingarinnar. Unga fólkið í dag verður orðið lykilfólk eftir tíu til fimmtán ár.“

**Finnst þér námið nýtast þér í starfi þínu hjá EFLU?**



„Námið veitir breiðan grunnskilning á ýmsum málum, en sértækari og staðbundnari fróðleik sankar maður síðan að sér jafnóðum í starfi. Námið er ekki síst þjálfun í vinnubrögðum, faglegri framsetningu og upplýsingaöflun, það er ef til vill mikilvægast þegar upp er staðið.“

*Alexandra Kjeld, umhverfissvið, f. 1983*

**Hvernig telur þú reynsluna sem þú færð hjá EFLU eiga eftir að nýtast þér?**



„Það besta við starfið mitt er að verkefnin eru bæði fjölbreytt og krefjandi. Ég er svo heppinn að vera umlukinn reynslumiklum og öflugum verkfræðingum sem ég reyni að læra sem mest af, til þess að vera í þeirra sporum síðar meir.“

*Steinþór Gíslason, orkusvið, f. 1983*

**Hvað hefur komið þér mest á óvart eftir að þú hófst störf hjá EFLU?**



„Það kom mér talsvert á óvart hvað yfirmenn hjá EFLU eru opnir og að þeir líta á alla starfsmenn sem jafningja. Einnig kom það mér á óvart hversu fljótt ég fékk tækifæri til að takast á við mjög stór og krefjandi verkefni. Mér hefur þótt mest krefjandi að standa mig vel í alþjóðlegu umhverfi tengdu olíuborpöllum og stýringu þeirra.“

*Hendrik Tómasson, iðnaðarsvið, f. 1986*

**Hvað finnst þér ánægjulegast við starfið þitt?**



„Traustið sem manni er sýnt í vinnu, verkefnin, starfsumhverfið, sveigjanleiki á vinnutíma og síðast en ekki síst félagsandinn sem er alveg gríðarlega góður hér á EFLU. Það kom mér raunar á óvart hversu hresst fólkið er sem vinnur hérna.“

*Heiðrún Ösp Hauksdóttir, byggingasvið, f. 1983*

# Áhersla lögð á sérhæfingu

Í rúmlega aldarfjórðung hefur Lagnatækni unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði lagna- og loftræstikerfa. Þjónusta við lyfjaiðnaðinn er sérsvið fyrirtækisins.

Lagnatækni var stofnað árið 1986 og er sérhæfð hönnunar- og ráðgjafarstofa á sviði lagna- og loftræstikerfa. Fyrirtækið byggir á mikilli og fjölbreyttri reynslu og hefur lagt metnað sinn í að fylgja verkum eftir frá fyrstu tillögum að fullbúnum kerfum. Kristján Oddur Sæbjörnsson, vélaverkfræðingur og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir verkefni stofunnar ná til ólíkra gerða bygginga fyrir nánast öll svið samfélagsins, hvort sem um er að ræða opinberar framkvæmdir eða fyrir einkaaðila.

„Við höfum til dæmis unnið að mörgum sérhæfðum og krefjandi verkefnum fyrir lyfjaiðnaðinn, bæði hérlendis og erlendis. Þau verkefni hafa meðal annars verið á Möltu og Indlandi. Það er gaman frá því að segja að með því hefur Lagnatækni fengist við hönnun loftræstikerfa við afar ólíkar aðstæður, allt frá okkar svala og þurra umhverfi á Íslandi til heitra og rakra svæða jarðarinnar. Byggingar í þessum geira krefjast flókinna lagna- og loftræstikerfa og þar höfum við byggt upp mikla sérþekkingu. Það gildir bæði um lyfjaverksmiðjur sem og ýmsar rannsóknarbyggingar.“



Starfsmenn Lagnatækni búa yfir fjölbreyttri reynslu. MYND/GVA

Kristján segir slík verkefni vera mjög krefjandi enda þarf afar flókin og sérhæfð kerfi fyrir lyfjaiðnaðinn. „Um er að ræða alls kyns lagna- og loftræstikerfi í slíkum iðnaði. Lyfjageirinn krefst þar að auki þess að kerfin séu gilduð og fari í gegnum viðamiklar móttökuúttektir.“

Lagnatækni tók þátt í samkeppni um forhönnun nýs Landspítala árið 2010 sem hluti af SPITAL hópnum. Hópurinn vann samkeppnina og hefur síðan frá haustinu sama ár unnið að greiningu og forhönnun verkefnisins. Kristján segir þekkingargrunn Lagnatækni hafa styrkst enn frekar og að fyrirtækið hafi öðlast mikla yfirsýn yfir alla gerð lagna- og loftræstikerfa í nútíma sjúkrahúsum. Fyrirtækið hefur þar að auki lagt metnað sinn í að vera í fararbroddi hvað varðar ástandsskoðanir, úttektir og stillingu lagna- og loftræstikerfa og hefur jafnan til staðar kvörðuð mælitæki til þess.

Lagnatækni hefur frá árinu 2004 notast við hlutbundna hönnun (BIM) og hefur með því öðlast áralanga reynslu við upplýsingalíkön.

Umfangsmikil reynsla starfsmanna Lagnatækni skilar sér í traustum og hagkvæmum lausnum við viðfangsefna. Í dag vinna sjö verk- og tæknifræðingar hjá fyrirtækinu en benda má á heimasíðu þess; www.lagnataekni.is.

# Nýtískuleg og traust

Verkfræði- og ráðgjafarstofan Navis sér um skipahönnun, ráðgjöf og eftirlit með breytingum á skipum í fjórum heimsálfum. Hún er tilbúin með öflugri og hagkvæmari fiskiskip á teikniborðinu.

Skipahönnun er okkar aðalfag. Við hönnum allar tegundir skipa frá A til Ö, en hönnun fiskiskipa er þó það sem stendur okkur næst,“ segir Hjörtur Emilsson skipatæknifræðingur og framkvæmdastjóri verkfræði- og ráðgjafarstofunnar Navis.

Navis var stofnað snemma árs 2003 og er í dag stærsta verkfræðistofa landsins á skipasviði. Þar starfar nú tugur sérfræðinga við skipahönnun, ráðgjöf og eftirlit í fjórum heimsálfum.

„Á undanförnum árum hafa stærstu verkefni Navis í nýhönnun og breytingum á fiskiskipum verið erlendis; í Suður-Ameríku, Asíu, Norður-Evrópu og Suður-Afríku. Vinnan fer að mestu leyti fram hér heima en við erum einnig talsvert á faraldsfæti til að sinna eftirlitsstörfum ytra,“ útskýrir Hjörtur.

Um þessar mundir setur Navis mark sitt á víðtæka endurnýjun norska fiskveiðiflotans, í samstarfi við skipaverkfræðistofur í Noregi.

„Íslensk skipahönnun vekur athygli erlendra útgerða. Hún byggir á reynslu Íslendinga sem gera út afkastamikil, öflug og traust skip. Því hafa æ fleiri erlendar útgerðir leitað til okkar þegar kemur að endurnýjun þeirra skipa og njótum við þannig góðs af því orðspori sem fer af íslenskum sjávarútvegi,“ upplýsir Hjörtur. Á Íslandi hefur lítil endurnýjun átt sér stað á fiskiskipaflotanum frá því um síðustu aldamót.



Hjörtur Emilsson við módel af fiskiskipinu SERENE LK 297. Navis tók þátt í hönnun skipsins sem var smíðað árið 2009 fyrir útgerð á Hjaltlandi. MYND/GVA

„Stærstur hluti nýrri fiskiskipa hérlendis er íslensk hönnun og þegar endurnýjun fer aftur af stað býr Navis yfir nýhönnun á öllum tegundum fiskiskipa, fyrir allan flotann,“ segir Hjörtur.

„Við getum tekið að okkur töluvert stór verkefni og samstarf við norska starfsbræður gerir okkur enn færari um að taka þátt í endurnýjun flotans þegar þar að kemur.“

Á teikniborði Navis eru tilbúnar margar skipagerðir sem Hjörtur telur að vekja muni áhuga og eftirspurn íslenskra útgerða þegar hugað verður að endurnýjun.

„Við fylgjumst vel með þróun í hönnun fiskveiðiskipa og vél- og tæknibúnaðar fyrir fiskiskip. Með nýrri hönnun og vélbúnaði má bæta orkunýtingu skipa og afköst og vinnuaðstöðu um borð. Við teljum því mikið í húfi þegar kemur að endurnýjun íslenska skipaflotans með hagkvæmari rekstri nýrri skipa.“

***Navis er í Flatahrauni 5A í Hafnarfirði. Sjá nánar á www.navis.is.***

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512 5427.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



## VERKFRÆÐINÁM OG VERKFRÆÐISTÖRF

**Verkfræði er** fræði- og starfsgrein sem beitir vísindalegum aðferðum sem byggjast einkum á stærðfræði og eðlisfræði. Hún er notuð við hönnun og þróun á byggingum, vélum, kerfum af ýmsum toga og rannsóknum ásamt ýmsu fleiru. Með því að nýta verkfræði er oft hægt að spá fyrir um virkni, hegðun eða þol þess sem fengist er við áður en ráðist er í framkvæmdir. Verkfræði er því gríðarlega mikilvæg fyrir margar greinar samfélagsins og tryggir ákveðin gæði og öryggi. Á vefnum Áttavitinn.is, sem er upplýsingavefur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, má finna ýmsan fróðleik um verkfræðinám. Meðal annars má finna þar upplýsingar um þau störf sem verkfræðingar vinna við. Til dæmis veljast iðnaðarverkfræðingar oft í ábyrgðarstörf; sem sérfræðingar og stjórnendur iðnfyrirtækja, fjármála- og ráðgjafafyrirtækja. Vélaverkfræðingar starfa oft á verkfræðistofum, í framleiðslufyrirtækjum, hugbúnaðarfyrirtækjum en einnig hjá ýmsum fjármálafyrirtækjum. Verkfræði er gríðarlega hagnýtt nám og verkfræðingar eru mjög eftirsóttir starfskraftar víða í samfélaginu. Tveir háskólar á Íslandi bjóða upp á verkfræðinám, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands.

## FYRSTI VERKFRÆÐINGURINN

**Frumkvöðull** Sigurður Thoroddsen kom heim til Íslands árið 1893 eftir nám í verkfræði í Kaupmannahöfn. Hann var fyrsti Íslendingurinn sem lauk náminu en nokkrir höfðu áður hafið nám en hætt áður en því lauk. Stofnað var embætti landverkfræðings og var Sigurður skipaður í það. Helsta verkefni hans var að standa fyrir gerð vega og brúa svo þjóðvegir yrðu greiðari fyrir landann. Sigurður hóf verkfræðistörf hér á vegalausa, símalausa og nær hafnalausa landinu með stopula póstþjónustu og enga reynda verkstjóra. Hann skipulagði ýmsar brúarsmíðar frá aðsetri sínu í Reykjavík. Ekki voru allir sáttir við margar tillögur Sigurðar og tók tíma fyrir landann að venjast þeim mörgum.



## VERKFRÆÐIUNDUR NÚTÍMANS

**Undur veraldar** Mannveran hefur svo sannarlega náð langt frá því að fyrsta samfélagið varð til. Verkfræðingar nútímans eru margir hverjir að skapa byggingar og fleira sem fólk hefði ekki látið sig dreyma um fyrir tuttugu árum. Hér verður aðeins sagt frá örfáum verkfræðiundrum sem maðurinn hefur skapað

### Petronas-turnarnir

Tvíburaturnar í Kúala Lúmpúr í Malasíu. Voru hæstu byggingar heims frá 1998 til ársins 2004. Það tók sex ár að byggja þá. Turnarnir eru 88 hæðir. Brú er á milli turnanna.

### Kingda Ka-rússíbaninn

Hæsti rússíbani í heimi. Þessi stálrússíbani er í Jackson, New Jersey, í Bandaríkjunum. Hæsti punkturinn nær upp í 139 metra. Hann er einnig næst hraðasti rússíbani heims. Þessi er ekki fyrir viðkvæma.

### San Alfonso Del Mar-sundlaugin

Stærsta sundlaug heims er í Síle. Hún er einn kílómetri að lengd og í henni eru 66 milljón gallon af vatni. Vatnið í lauginni er tekið beint úr Kyrrahafinu og er hreinsað áður en það fer ofan í laugina.









Lýsingarhönnun og viðhald bygginga eru tveir af þeim fjölmörgum þjónustuþáttum sem Verkís býður upp á.



Verkís leiddi alþjóðlegan hönnunarhóp við Kárahnjúkavirkjun og hefur komið að hönnun flestra vatnsaflsvirkjana á Íslandi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Verkís hefur átt stóran þátt í byggingu orkuversins við Svartsengi í gegnum árin en það er eitt af fjölmörgum jarðvarmaverkefnum fyrirtækisins.

# Kraftmikil verkfræðistofa sem fagnar áttatíu ára afmæli á árinu

**Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Fyrirtækið rekur uppruna sinn til ársins 1932 og fagnar því áttatíu ára afmæli á árinu. Það hefur alltaf lagt mikla áherslu á orkumál en undanfarið hefur þjónusta við stóriðju spilað ört stækkandi hlutverk.**

Verkís er elsta verkfræðistofa landsins og hefur áratugalanga reynslu og þekkingu sem skilar sér í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum. Verkís býr yfir sérfræðiþekkingu sem spannar allar þarfir framkvæmdaaðila allt frá fyrstu hugmynd til verkloka. Að auki býður Verkís þjónustu við margháttuð rekstrar- og viðhaldsverkefni, bæði fyrir einkaaðila sem og opinbera.

## Áhersla á orkumálin

„Við hjá Verkís höfum lagt megináherslu á orkumál í gegnum tíðina. Starfsfólk Verkís hefur tekið veigamikinn þátt í hönnun allflestra vatnsaflsvirkjana á Íslandi. Við höfum líka komið að öllum jarðvarmavirkjunum á Íslandi og vorum leiðandi í hitaveituvæðingu landsins," segir Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís. „Orkumál hafa alltaf verið okkur mjög hugleikin og verið mjög stór þáttur í okkar þjónustu."

## Fleiri verkefni í stóriðju

Í seinni tíð hefur þjónusta við stóriðju spilað ört stækkandi hlutverk í rekstri stofunnar. „Verkís er aðili að sérhæfða þjónustufyrirtækinu HRV, sem veitir álverunum þremur á landinu fjölbreytta tækniþjónustu. Að auki veitir Verkís sveitarfélögum víðtæka þjónustu í umhverfis- og samgöngumálum," segir Sveinn. Hann segir byggingasvið Verkís einnig vera öflugt en það þjónustar byggingaraðila, verktaka og aðra þá sem eru að byggja atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar, en veitir einnig þjónustu í viðhaldi og viðgerðum húsnæðis fyrir einkaaðila. Verkís er með fimm útibú um allt land en þau veita almenna verkfræðiþjónusta til einkaaðila, sveitarfélaga og ríkis.

## Verkefni erlendis

Hjá Verkís starfa yfir 300 starfsmenn að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís leggur áherslu á að veita vandaða og faglega þjónustu sem er samkeppnisfær við það sem best þekkist í heiminum. „Stefna Verkís er að vera áfram öflugur þjónustuaðili í öllum þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur hér innanlands. Við erum með talsvert af verkefnum úti um allan heim, mest á sviði orkumála. Við stefnum að því að útvíkka þjónustuframboð okkar erlendis með því að bjóða upp á almenna verkfræðiþjónustu í löndunum í kringum okkur og erum byrjuð á því. Við erum til dæmis með nokkur verkefni á Grænlandi og í Noregi."

## Sérstaða fyrirtækisins

Styrkur Verkís felst meðal annars í því að á einum og sama stað geta viðskiptavinir sótt alla hefðbundna verkfræðiráðgjöf auk þeirrar stoðþjónustu sem er órjúfanlegur hluti af undirbúningi og rekstri flókinna verkefna. Starfsemin og öll þjónusta er unnin eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001-staðlinum. Auk þess fylgir Verkís metnaðarfullri stefnu í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og eru umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins í vottunarferli.

Jafnrétti er í hávegum haft hjá fyrirtækinu. „Við fengum áþreifanlega sönnun á því að hér sé jafnrétti í launamálum þegar við fórum í gegnum jafnlaunaúttekt hjá PWC og fengum þá niðurstöðu að það sé ekki marktækur munur á launum kynjanna hér á stofunni," segir Sveinn.



Verkís, elsta verkfræðistofa landsins, er áttatíu ára á árinu. „Við erum afskaplega ánægð með að hafa náð þessum háa aldri," segir Sveinn Ingi Ólafsson framkvæmdastjóri. MYND/GVA

## Áttatíu ára afmæli

Fyrirtækið fagnar áttræðisafmæli á árinu og byggir því á mjög traustum grunni. „Við höfum í gegnum tíðina safnað að okkur mikilli reynslu og höfum leyst mörg verkefni á öllum sviðum. Við erum afskaplega ánægð með að hafa náð þessum háa aldri og höldum reglulega upp á afmælið á árinu. Við héldum meðal annars glæsilega tónleika í maí og ráðgerum að halda ráðstefnu í haust með áherslu á orkumál," segir Sveinn.

# Nýtt jarðtæknisvið á Norðurlandi

Verkfræðistofa Norðurlands hefur veitt fjölbreytta verkfræðiþjónustu um árabil. Nú bætist jarðtæknisvið við starfsemi stofunnar.

Verkfræðistofa Norðurlands (VN) var stofnuð árið 1975. Í fyrra sameinaðist hún verkfræðistofunni EFLU í Reykjavík en markmið samrunans var að skapa öflugri stöðu beggja fyrirtækja á landsvísu auk þess að efla þjónustu við viðskiptavini á Norðurlandi. Friðrika Marteinsdóttir jarðfræðingur starfaði hjá EFLU í Reykjavík í þrettán ár en flutti til Akureyrar í kjölfar samrunans. „VN hefur lengi haft sterka þekkingu á ýmsum sviðum, til dæmis loftræsikerfum, veitumálum, sundlauga- og íþróttamannvirkjum, landmælingum, samgöngumálum og smávirkjunum. Nú hefur jarðtækniráðgjöf bæst við þjónustu stofunnar og ýmis tækifæri tengd henni eru fram undan.“ Starf Friðriku gengur meðal annars út á að byggja upp nýja sviðið fyrir norðan auk þess að vera tenging stofunnar við EFLU í Reykjavík. „Við munum auka enn frekar tengslin milli fyrirtækjanna tveggja á sama tíma og við byggjum upp nýja sviðið hér á Akureyri. Það stefnir í mörg spennandi verkefni á næstunni á Norðurlandi. Jarðfræðin er grunnur að mörgum framkvæmdum og þegar mörg verkefni fara af stað er mikið að gera í jarðfræðirannsóknum.“



Friðrika Marteinsdóttir, jarðfræðingur hjá Verkfræðistofu Norðurlands, mælir hér með jarðsjá við Bakka, rétt utan Húsavíkur. MYND/ÚR EINKASAFNI

Friðrika segir jarðtækniráðgjöfina bjóða upp á mikla möguleika fyrir VN, meðal annars að því er snertir undirbúning mannvirkja. „Nú hefur stofan yfir að ráða litlum slagbor (cobrabor) og jarðsjá auk þess að eiga búnað til plötuprófana, til að mæla þjöppun fyllinga, en slíkar prófanir hafa lítið verið framkvæmdar á Norðurlandi. Cobrabor er notaður til að bora í laus jarðlög til að kanna dýpi á klöpp eða fastan botn og meta gerð lausu jarðlaganna. Jarðsjáin er ein af fáum sinnar tegundar á landinu. Jarðsjármæling er jarðeðlisfræðileg aðferð til samfelldrar kortlagningar á jarðlögum. Jarðsjáin er dregin á sleða og sendir rafsegulbylgjur ofan í jarðlögin án þess að valda raski á umhverfinu.“ Friðrika segir það afar hentuga aðferð þar sem ekki má raska yfirborði á til dæmis viðkvæmu landi eða yfir fornleifum.

Starfsemi verkfræðistofunnar er mest á Norðausturlandi þótt verkefnum sé sinnt um allt land. Hún segir ýmis yfirstandandi verkefni vera víða um landið og nefnir meðal annars hönnun ljósleiðarakerfis fyrir nokkur sveitarfélög, til dæmis Hvalfjarðarsveit og Grímsnes- og Grafningshrepp. „Þess háttar verkefni hafa aukist með samrunanum við EFLU.“ Af öðrum stórum yfirstandandi verkefnum sem stofan tekur þátt í má nefna undirbúning og könnun á iðnaðarlóðinni á Bakka við Húsavík. Það verkefni snýr að undirbúningi í tengslum við byggingu kísilmálmverksmiðju. Einnig má nefna hönnun flughlaðs við flugvöllinn á Akureyri, vegtengingar við Vaðlaheiðargöng og endurnýjun og stækkun Rjúkandavirkjunar.



Brúin er svo há að hún er gjarnan ofar skýjum. MYND/GETTY

## HLAUPIÐ UM HEIMSINS HÆSTU BRÚ

**Margar brýr** eru sannkölluð verkfræðiundur og geta verið tilkomumiklar vegna stærðar sinnar eða hönnunar. Hæsta brúarbygging heims er í Frakklandi og kallast Millau Viaduct. Hún er 343 metra há en til samanburðar er Eiffelturninn 320 metrar á hæð. Brúin var byggð árið 2004.

Brúin er viðkomustaður næstum fimm milljón ökutækja árlega. Hún er allajafna lokuð gangandi vegfarendum en undantekning var gerð á því árið 2007 þegar þátttakendur í 23 kílómetra hlaupi sem kallast La Course Eiffage hlupu yfir brúna, fram og til baka. Í ár var leikurinn endurtekinn með metaðsókn. Brúin er tæplega tveir og hálfur kílómetri að lengd og var lokuð í fjóra klukkutíma á meðan á hlaupinu stóð.

Taka skal fram að hér er um að ræða hæstu brúarbyggingu heims en ekki þá brú sem er hæst yfir landi. Sú liggur yfir dal í Kína og heitir Si Du River brúin. Um það bil 500 metrar eru frá brúnni niður að botni dalsins fyrir neðan.





**Almenna verkfræðistofan**
hefur í **40 ár** veitt alhliða tækniráðgjöf
samkvæmt óskum viðskiptavina,
allt frá forrannsóknum og gerð fyrstu frumdraga
til endanlegrar hönnunar mannvirkja,
framkvæmda og rekstrar.

**Markaðs- og þjónustusvið:**

Byggingar og iðnaður
Orka og veitur
Umhverfi og skipulag
Verkefnastjórnun

VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001 — VOTTUN HF ÍST ISO 14001

Almenna verkfræðistofan

Fellsmúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 580 8100 • av@almenna.is • www.almenna.is



# VEITIR ÖÐRUM INNBLÁSTUR

**MIKILL HEIÐUR** *Vörulína og kynningarherferð barnafataframleiðandans Ígló var á dögunum valin sú besta í sínum flokki að mati fyrirtækisins Stylesight.*

Barnafatafyrirtækinu Ígló hlotnaðist sá heiður að vörulína þess og kynningarefni fyrir hana var valið „Best of Children´s Cool Campaigns“ af fyrirtækinu Stylesight. „Þetta er mikil viðurkenning á okkar hönnun,“ segir Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló.

„Stylesight er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í tísku- og hönnunargeiranum og aðstoðar kaupendur úti um allan heim við að velja vörur fyrir næstu sölutímabil. Við höfðum ekki samband við Stylesight, þau grófu okkur upp og höfðu samband við okkur. Að þeirra mati eru vörur Ígló og kynningarefnið ferskt, einstakt og veitir öðrum barnafataframleiðendum innblástur. Þetta þýðir í raun að þau mæla með merkinu okkar við alla þá sem þau eru í sambandi við í tískuheiminum varðandi barnaföt. Merkið er sem sagt talið vera leiðandi á sínu sviði. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Ígló og skapar fyrirtækinu mörg tækifæri.“

Ígló var stofnað fyrir þremur árum og er hugarfóstur aðalhönnuðar þess, Helgu Ólafsdóttur. „Við erum komin með fötin okkar í sölu um allt land og erum þar að auki farin að færa út kvíarnar út fyrir landsteinana. Hönnun okkar er nú til sölu í sex löndum og hefur vakið töluverða athygli þeirra sem spá í barnafatatísku. Við höfum meðal annars fengið umfjöllun í nokkrum erlendum tímaritum,“ segir Tinna.

Fyrirsætan og ljósmyndarinn Elísabet Davíðsdóttir tók ljósmyndirnar fyrir markaðsherferð Ígló fyrir sumarið 2012. Elísabet kom til Íslands og hún og Helga unnu saman að myndatökunni. Þar voru börnin mynduð frjáls í leik án þess að þau tækju eftir því.

„Við hjá Ígló leggjum áherslu á heildarhugmynd hönnunarinnar. Þetta eru ekki bara flíkur heldur heill heimur í kringum þær, til dæmis Íglóvinurinn svokallaði sem prýðir öll fötin frá okkur og öll börn eru spennt fyrir. Það er þessi heildarhugmynd sem er að fá athygli og viðurkenningu. Við erum líka að útvíkka vörulínuna okkar. Við byrjuðum með flísföt en bjóðum nú upp á bæði spariföt og hversdagsföt. Hugmyndin með fötunum er sú að allir vilji nota þau, bæði börnin sjálf og að foreldrarnir vilji að þau klæðist þeim. Að börnin geti farið í þeim í leikskóla eða skóla og líka í heimsókn eða á kaffihús með foreldrunum um kvöldið,“ segir Tinna.

■ lilja.bjork@365.is

**FRJÁLS LEIKUR** Elísabet Davíðsdóttir tók ljósmyndirnar fyrir markaðsherferð Ígló fyrir sumarið 2012 sem var valin sú besta af fyrirtækinu Stylesight. Börnin voru mynduð frjáls í leik án þess að þau tækju eftir því. MYND/ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR



**FLOTT LÍNA** Vor- og sumarlína Ígló og kynningarherferð hennar þóttu bestar í sínum flokki að mati Stylesight. MYND/ERNIR



## STRIGASKÓR VIÐ SPARIFÖT

**■ FLOTTUR** Venjulega er talað um að strigaskór eigi ekki saman við jakkaföt. Það er hins vegar hægt að vera smart þannig klæddur velji maður réttu fötin. Betra er að vera í ljósum jakkafötum við strigaskó. Reynið jafnframt að hafa skóna ekki of sportlega. Ef skórnir eru bláir er upplagt að hafa blátt bindi í stíl. Gætið þess að skórnir séu í stíl við skyrtu eða bindi. Oft er betra að vera í fallegum bol undir jakkafötunum en skyrtu séu strigaskór valdir með. Þá er einnig hægt að vera í fallegum gallabuxum við jakkann ef ekki er um mjög fínt tilefni að ræða. Leðurjakki kemur einnig til greina við sparibuxur og strigaskó. Það kallast að klæða sig niður (dressing down).

20% afsláttur
af ÖLLUM kjólum
Frábært úrval!
Kjólar við öll tækifæri
Stærðir 36-52
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16






# KEYPT & SELT

## Til sölu






**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**Gámur til sölu**
20feta gámur til sölu, í góðu standi og lítur ágætlega út selst á 150þús (kostar 295þús) Arnar 893-5537



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503




**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur. Einnig ódýr reiðhjól, barnahjól, þríhjól og hlaupahjól. S. 896 8568.

Gulur páfagaukur fæst gefins eða seldur ódýrt. Uppl í S. 848 - 7659

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Bið upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Vöðva, slökunar, partanudd. Láttu það eftir þér. Uppl. í síma 846 0202. Opið 10-18. Stjörnunudd

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta

**Er tími kominn á að hætta að reykja, léttast, auka sjálfstraustið eða taka burt kvíða.**
**Þetta er hægt að gera með dáleiðslu. Allir viðskiptavinir mínir eru ánægðir með árangurinn sem hefur náðst. Hringið í Alan í s. 775 7336 eða sendið email á flowwithyourgo@hotmail.com**

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

Til sölu laxveiðileyfi á fallegum stað í Hvítá við Hallanda, aðeins 7km frá Selfossi. Upplýsingar veitir Magnús í s.695 9833 og einnig má skoða nánar á www.hallandi.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 55 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 695 7276.

Til leigu 75 fm, þriggja herbergja íbúð í mosfellsbæ laus strax allt sér uppl. í s.897 0630.

Skammtímaleiga. 3 herb. íbúð í 201 kóp til leigu. Sólarhrings (7000 kr.) eða vikuleiga. Uppl. í s. 866-1670 Algjör reglusemi skilyrði.

Til leigu 68 fm íbúð á klapparstíg. Verð 135 þ.+ hiti, rafmagn og trygging. Uppl. í s. 820-9360

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búinn 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

**BÍLSKÚR TIL LEIGU**
Til leigu snyrtilegur 35fm bílskúr í miðbæ kópavogs með upphitun, vatni og rafmagni. uppl í síma. 892 1934

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Skipstjóri/stýrimaður**
Björgun ehf óskar eftir skiptstjóra til afleysingar í sumar. Uppl. í s. 843 5640 eða johann@bjorgun.is

Um 50 rafvirkja vantar til noregs strax. Sendið ferilskrá ásamt afriti af sveinsbréfi á midlun@simnet.is. Er mjög gott að hafa DSB. Frítt húsnæði.

## Atvinna óskast

**Atvinna óskast**
Óska eftir atvinnu, er með ökuréttindi á allar gerðir ökutækja, kranaréttindi og vinnuvélaréttindi og reynslu á flest allar vélar. Staðsetning, Suðurland og eða Reykjavíkursvæðið. Nánari uppl. í s. 897 1850

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ATHUGIÐ**
Reglusamur karlmaður vill kynnast konu, áhugasamar sendi uppl. til Fréttablaðsins merkt RR66.

## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali



Hilmar Óskarsson Framkvæmdarstjóri



Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali



Guðjón Sigurjónsson Sölumaður

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

# LUNDUR 86-90 – Fossvogsdalur




Stórglæsilegar íbúðir að Lundi 86-90 í Fossvogsdal. Húsin eru 4ra til 6 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 100,1 fm. til 143,0 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**



**HÆÐARGARÐUR**
2ja. herb, sérinngangur, áhvílandi 17,5 millj, Verð 19,9 millj.



**LUNDUR**
3ja herb. 8. hæð, Suðvestur íbúð, fallegt sjávarútsýni, vönduð íbúð.



**BARMAHLÍÐ**
4ra. herb. sérhæð, skemmtileg íbúð, góð staðsetning, Verð 29,9millj



**LEIRUTANGI**
Einbýli, ein hæð, flottur garður, mikið áhvílandi, verð 59.5 millj



**LAUGAVEGUR**
Heil húseign, 4 íbúðir, góð staðsetning, verð 58 millj.



**BJALLAVAÐ**
3ja herbergja íbúð, stæði í bílageymslu, falleg íbúð stórar svalir, Verð 26,9 millj.



**SELVOGSGRUNN**
Sérhæð með bílskúr, velskipulögð, verð 41 millj.



**FJALLALIND**
Raðhús, 4 svefnherbergi, Innbyggður bílskúr, Stórar þaksvalir. Verð 47,5 millj.

## Fasteignir




# Tryggvagata 4-6

101 Reykjavík

miðvikudaginn 27. júní
**frá kl. 17:00-17:30**

Endurnýjuð 93 fm 4ra herbergja íbúð
Miðsvæðis í Reykjavík
Sólpallur og sér stæði



Nánari upplýsingar veitir
**Davíð Jónsson**
Sölufulltrúi
**sími:** 697 3080
david@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **29,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




# FOSCAM

*öryggismyndavélar*

Fjarstýrð Pan / Tilt | Þráðlaus samskipti | Greinir hreyfingu og sendir boð | Hljóðnemi og hátalari | Nætursjón

**Verð: 34.750 kr.**

# Kíktu inn

Eirberg

*- gæsla og öryggi*

- Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma
- Myndavél fjarstýrð með símanum
- Sendir myndir í tölvupósti við hreyfingu
- Nýjasta tækni í myndgæðum
- Einföld uppsetning – Íslenskar leiðbeiningar
- Gæsla í þínum höndum – Engin áskriftargjöld

## – til öryggis

› Verslaðu á vefnum › Frí sending að 20 kg › 1 árs skilaréttur

Bjóðum úrval öryggis- og eftirlitsmyndavéla frá Foscam til notkunar innandyra og utan. Verð frá 19.750 kr.

*Bendum á reglur um rafræna vöktun á personuvernd.is*

**foscam.is**

í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**PÁLL S. ÁRDAL**, prófessor í heimspeki, (1924-2003) var fæddur þennan dag.
*„Af öllum eðlisdyggðum er góðvildin mikilvægust.“*

PÁLÍNA MAGNÚSDÓTTIR: NÝR BORGARBÓKAVÖRÐUR

# Fyrst nú að fljúga úr hreiðrinu

„Ég hlakka mikið til að byrja á þessum skemmtilega vinnustað sem Borgarbókasafnið er,“ segir Pálína Magnúsdóttir, bæjarbókavörður á Seltjarnarnesi, sem ráðin hefur verið í embætti borgarbókavarðar í Reykjavík. Hún tekur við starfinu 1. september og verður með aðalbækistöð í Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Borgarbókasafnið er stærsta menningarstofnunin sem Reykjavíkurborg rekur. Það er á sex stöðum og skiptist í Aðalsafn í Grófarhúsinu, Ársafn, Foldasafn, Gerðubergssafn, Kringlusafn og Sólheimasafn, auk þess að halda úti þjónustu bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja. „Ég veit að það er fríður og flottur hópur sem ég fer að starfa með,“ segir Pálína. „Ég hef verið í heimi bókasafna í 21 ár og það fer ekki hjá því að ég hef kynnst mörgu fólki innan Borgarbókasafnsins á þeim tíma,“ segir hún.

Pálína er uppalin á Seltjarnarnesinu. „Ég er fyrst nú að fljúga úr hreiðrinu, ef svo má segja. Reyndar bý ég í Vesturbænum í Reykjavík, nánar tiltekið á Grímsstaðaholtinu,“ segir hún glaðlega. Hún kveðst hafa lært bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og tekið MA-gráðu í menningar- og menntastjórnun frá Bifröst.

Í fréttatilkynningu sem Reykjavíkurborg sendi út um ráðningu Pálínu kemur fram að hún hafi verið valin úr hópi sextán umsækjenda. Hún hafi gegnt stöðu bæjarbókavarðar á Seltjarnarnesi síðustu 21 ár og hafi leitt safnið þar til vaxtar og velgengni á mjög farsælan hátt, en það hafi tekið við umsjón með öllum menningarmálum Seltjarnarnesbæjar frá nóvember 2010.

Eitthvert sumarfrí kveðst Pálína ætla að taka en þó kannski styttra en hún hafði verið búin að áætla. „Ég þarf að ljúka ákveðnum verkefnum hér á Seltjarnarnesinu. En ég sleppi því þó ekki að bregða mér eitthvert á fjöll,“ segir hún brosandi og kveðst að minnsta kosti hafa í hyggju að ganga um nágrenni Tálknafjarðar.

gun@frettabladid.is



**NÝRÁÐINN BORGARBÓKAVÖRÐUR** „Ég hef verið í heimi bókasafna í 21 ár og það fer ekki hjá því að ég hef kynnst mörgu fólki innan Borgarbókasafnsins á þeim tíma,“ segir Pálína Magnúsdóttir.



# Kveðja með tónleikum

Kór Fríkirkjunnar heldur í kvöld sumartónleika í kirkjunni. Anna Sigríður Helgadóttir, tónlistarstjóri kirkjunnar og stjórnandi kórsins, segir tónleikana marka lok vetrarstarfs kórsins. „Nú förum við í sumarfrí og svo eru þetta reyndar líkast til síðustu tónleikar mínir og Aðalheiðar Þorsteinsdóttur organista, við hættum báðar í haust. Þannig að í bland má segja að þetta séu kveðjutónleikar okkar.“

Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt að sögn Önnu Sigríðar. „Kórinn flytur bæði sálma og sumarleg lög, það er óhætt að segja að dagskráin sé í léttari kantinum. Fyrri hluta tónleikanna sér kórinn um sönginn en seinni hlutann flytja meðlimir kórsins sóló og dúetta.“

Tónleikarnir hefjast klukkan níu í kvöld í Fríkirkjunni og taka um klukkustund.

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚNÍ 2006

# Eitrun í sundlaug Eskifjarðar

Klórgaseitrun varð í sundlaug Eskifjarðar þennan dag árið 2006 vegna mannlegra mistaka. Þrjátíu og fjórir einstaklingar þurftu að leita sér aðstoðar á Heilsugæslustöðinni, af þeim voru tuttugu og fjórir fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Norðfirði, tveir þeirra síðan með sjúkraflugi til Akureyrar og fjórir til Reykjavíkur. Einkenni sjúklinganna voru vondur hósti og öndunarerfiðleikar.

Orsök slyssins var rakin til þess að ediksýru hafði verið hellt í klórtank sundlaugarinnar fyrir mistök. Við það lækkaði sýrustigið skyndilega og klórgas losnaði út en það getur verið lífshættulegt í ákveðnu magni.

Fjórtán hús í nágrenni sundlaugarinnar voru rýmd og einn leikskóli og göngunum um Oddskarð og aðalgötunni í Neskaupstað var lokað um tíma fyrir öðrum en sjúkrabílum.






Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL M. GUÐMUNDSSON**
**Suðurlandsbraut 58,**
**áður til heimilis að Marklandi 2, Rvík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk, sunnudaginn 24. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 4. júlí kl. 13.00.

**Sigríður Stefánsdóttir**
**Guðrún Karlsdóttir** **Jens Hilmarsson**
**Ásta Sigrún Karlsdóttir**
**Stefán Örn Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ÖNNU SIGRÍÐAR BJARNADÓTTUR**
**Hvammi, heimili aldraðra, Húsavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hvamms og sjúkradeildar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir góða ummönnun.

**Elín Sigtryggsdóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** **Jón Ágúst Bjarnason**
**Albert Sigtryggsson** **Kristín Káradóttir**
**Bjarni Sveinsson** **Sólveig Jóna Skúladóttir**
**og ömmubörnin öll.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI BJARNASON**
**frá Norðfirði, áður til heimilis**
**í Reynihvammi 2,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 15. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Auður Sigurðardóttir**
**Ívar Bjarnason** **Gunnhildur Ásta Gunnarsdóttir**
**Sólveig Edda Bjarnadóttir** **Gunnlaugur Sigurðsson**
**Guðrún Bjarnadóttir** **Jóhannes Kristjánsson**
**Valgerður Bjarnadóttir** **Haraldur Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐMUNDA MATTHÍASDÓTTIR**

lést á heimili sínu mánudaginn 18. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Rúnar Matthías Mölk** **Margrét Garðars Mölk**
**Örn Úlfar Úlfarsson** **Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Fríða Úlfarsdóttir** **Gunnar Maríusson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR ÞÓRIR ÞJÓÐÓLFSSON**
**fv. sviðsstjóri hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kristnibraut 99, Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 20. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 29. júní kl. 15.00.

**Ágústína Dagbjört Eggertsdóttir**
**Anna Bjargey Gunnarsdóttir** **Ari Brimar Gústavsson**
**Þjóðólfur Gunnarsson**
**Ragnar Guðm. Gunnarsson** **Heiðrún Rósa Sverrisdóttir**
**Eggert Gunnarsson** **Snæfríður Þórhallsdóttir**
**Lovísa María Gunnarsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**SVEINN M. ÁRNASON**
**íslenskukennari,**
**Lindasmára 46, Kópavogi,**

lést sunnudaginn 24. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**María Gréta Guðjónsdóttir**
**Guðrún Sveinsdóttir**
**Guðrún Halla Sveinsdóttir** **Sturla Halldórsson**
**Guðjón Már Sveinsson** **Hulda Hrafnkelsdóttir**
**Arna Gréta Sveinsdóttir**
**Steinunn Gunnlaugsdóttir**
**Ásgerður og Gunnhildur Sturludætur**

# ÆVINTÝRAHEIMUR Í REYKJAVÍK

25.6 - 1.7

## 1000 GLÆSILEGUSTU OG BESTU HESTAR LANDSINS

## LANDSFRÆGIR SKEMMTIKRAFTAR KVÖLDVÖKUR OG GAMAN




BARNADAGSKRÁ
SÖNGVAKEPPNI
ANDLITSMÁLUN
SKÁTALAND
HOPPUKASTALAR
KLIFURVEGGIR
HJÓLALEIGA
O.FL

GÆÐINGAKEPPNI
KAPPREIÐAR
KYNBÓTAHROSS

Miðasala á landsmot.is

# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012


Styrktaraðilar:
Íslandsbanki
VÍS
N1
Síminn
Lífland
Bílaleiga Akureyrar
Europcar
Iceland Express
Samskip
Egils

Landsmót hestamanna – National Horse Show of Iceland
Landssamband hestamannafélaga

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** bardagi, **8.** tangi, **9.** lepja, **11.** í röð, **12.** gengi, **14.** hestasjúkdómur, **16.** stefna, **17.** af, **18.** frestur, **20.** persónufornafn, **21.** sjá eftir.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund, **3.** utan, **4.** ávaxtatré, **5.** suss, **7.** fjarskiptatæki, **10.** blaður, **13.** kóf, **15.** rótartauga, **16.** á sjó, **19.** skst.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** at, **8.** nes, **9.** lap, **11.** rs, **12.** klíku, **14.** spatt, **16.** út, **17.** frá, **18.** töf, **20.** ég, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** kalk, **3.** án, **4.** perutré,










# Hreint ekki boðlegt

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Ég fer bráðum í sumarfrí, langþráð auðvitað. Eru sumarfrí ekki alltaf langþráð? Veðrið er búið að vera gott og ég hlakka mikið til að geta verið úti að slæpast, hangsa með fjölskyldunni og safna freknum. Það er þó ekki alveg komið að því, ég þarf að vinna nokkra daga áður en ég er laus. Klára mína plikt. Það geri ég auðvitað þó sumarfiðringurinn kitli magann og mér verði oft litið út um gluggann.



**MÉR** dettur ekki í hug að skrópa. Jæja, þegar ég segi „dettur ekki í hug“, er ég kannski ekki alveg hreinskilin. En ég læt það ekki eftir mér. Það gengi ekki. Ég ráðstafa ekki þessum síðustu dögum fyrir frí í annað, kaupi ekki flug og hótel þegar ég á að vera í vinnunni. Ég mæti bara, tek við verkefnum og vasast í þeim fram á síðasta dag. Læt dagdraumana nægja um sand milli tánna og drykk í glasi. Margir geta ekki einu sinni tekið sér frí í sumar. Verða að njóta sólarinnar gegnum gluggann.

**NOKKRIR** þingmenn eru súrir yfir að eiga að mæta í vinnuna síðustu dagana fyrir sumarfríið sitt. Að eiga að mæta á fundi og svitna yfir hundfúlum rammaáætlunum, meðan sólin skín úti! Ekki nema það þó. Finnst það „ekki boðlegt“, eins og haft var eftir þingmanni Sjálfstæðisflokksins hér í blaðinu í gær.

**ÞINGMANNINUM** kom á óvart að þessi vika hafi yfirleitt verið ætluð í nefndarfundi því menn voru „náttúrulega búnir að gera ráðstafanir með sumarleyfi og annað, sumir komnir til útlanda og slíkt…“ Þar af leiðandi töldu þingmennirnir „bara ekki boðlegt“ að boða til funda. Tilgangslaust. Það þyrfti hvort sem er að ræða þessi mál aftur þegar þingið kemur saman í haust. Hættum´essu. Förum, bless, bæ!

**ÉG SKIL** hann svo sem vel. Ekki myndi ég nenna að svitna yfir rammaáætlunum síðustu dagana fyrir sumarfrí. Úff! Ég er þó ekki viss um að það kæmi mér beinlínis á óvart að mér væru sett verkefni síðustu vikuna fyrir frí. Segði það hreinlega tilgangslaust. Ég væri „náttúrulega“ bara búin að gera aðrar ráðstafanir, panta hótel í útlöndum og slíkt. Ég þyrfti hvort sem er að vasast í þessum verkefnum þegar ég kæmi aftur, í haust!

**EKKI** viss um að það þætti boðlegt.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MÓÐURFÉLAGIÐ
KYNNIR:
ABBA
UPPSELT
KL. 20:00
AUKATÓNLEIKAR
KL. 23:00
40 ÁRA
HEIÐURSTÓNLEIKAR
ELDBORG HÖRPU 25.ÁGÚST
SELMA BJÖRNSDÓTTIR, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR,
REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR OG STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
TÓNLISTARSTJÓRN: JÓN ÓLAFSSON
MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU,
Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 5285050
MÓÐURFÉLAGIÐ

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PIRANHA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 10 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | L |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU.TALI | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKU.TALI | KL. 10:10 | 3D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| WHAT TO EXPECT... | KL. 8 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



**SJÖUNDA ÁRIÐ** Friðrik Ómar syngur lög Elvis Presley á Café Rosenberg á morgun og á Ólafsfirði á laugardaginn en nú hefur hann haldið sautján tónleika til heiðurs goðinu á sjö árum.

# Syngur ekki í Elvis-búningi

„Ég verð ekki í Elvis-búningi enda gæti ég ekki verið ólíkari honum,“ segir söngvarinn Friðrik Ómar sem flytur lög goðsins á Café Rosenberg í kvöld og á laugardaginn á Blue North Music Festival á Ólafsfirði. Hann mun ásamt veglegri hljómsveit flytja dagskrá sem hann hefur tekið á sautján tónleikum síðustu sjö árin. „Ég er að loka hringnum á laugardaginn en ég flutti lögin fyrst á sömu hátíð á Ólafsfirði árið 2005, þá nýkominn frá Graceland,“ segir Friðrik og leggur áherslu á að snið tónleikanna hafi breyst töluvert. „Sama dagskrá var flutt fyrir fullu húsi í Salnum í Kópavogi árið 2010 og er hún því orðin að meiri sýningu.“

Í ár eru liðin 35 ár frá andláti Elvis Presley og segir Friðrik að viðburðir verði haldnir honum til heiðurs um heim allan næstu vikurnar. „Í dag eru nákvæmlega 35 ár síðan hann söng á sínum síðustu tónleikum,“ segir Friðrik í viðtali við Fréttablaðið í gær. Spurður um uppáhaldslagið með Elvis svarar hann: „Mér hefur alltaf þótt vænt um In the Ghetto og þessi gömlu góðu eins og One Night.“

Miðasala fyrir tónleikana í félagsheimilinu Tjarnarborg á Ólafsfirði fer fram í Sparisjóði Ólafsfjarðar en miðar eru seldir við inngang á Café Rosenberg og báðir hefjast þeir klukkan 21.

**- hþt**

# Leikur með Harrison Ford

Leikkonan unga Amber Heard mun leika eitt aðalhlutverkanna í myndinni Paranoia en þar leikur hún við hlið þekktra leikara á borð við Harrison Ford, Liam Hemsworth og Gary Oldman.

Myndin er í leikstjórn Robert Luketic og er sögð spennutryllir en myndina á að frumsýna á þessu ári.

Hemsworth fer með aðalhlutverkið sem ungur maður sem gerir skelfileg mistök þegar hann ákveður að skipta um starfsvettvang. Heard hefur undanfarið verið að segja til sín í Hollywood en hún er 26 ára gömul. Nú síðast gerði Heard garðinn frægan í myndinni Rum Diaries en þar leikur hún á móti Johnny Depp. Sögusagnir eru á sveimi um að leikkonan unga sé ástæðan fyrir skilnaði leikarans við kærustu sína til fjölda ára, Vanessu Paradis.

**- áp**



**GÓÐ VINNA** Hin unga Amber Heard leikur í myndinni Paranoia ásamt Harrison Ford og Gary Oldman. NORDIPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 27. júní 2012**

### → Tónleikar

**12.00** Schola cantorum kemur fram á hádegistónleikum Alþjóðlegs orgelssumars 2012 í Hallgrímskirkju. Almennt miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Gímaldin, HEK,og Gunnbjörn Þorsteinsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### → Tónlist



**20.00** Sumarskemmtunin Veislufjör 2012 verður í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Það eru Snorri Helgason, Mr. Silla og Hugleikur Dagsson sem sjá um dagskrána. Miðaverð er kr. 2.000.

Landsins mesta úrval af lífrænum vörum
Afsláttardagur
10% afsláttur af öllum vörum
Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082
www.yggdrasill.is
Verslunin er staðsett við hliðina á Hlemm. Það er tilvalið að gera stórinnkaupin á afsláttardeginum.
Yggdrasill

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS
**MIÐVIKUDAGUR:** **BERNIE** 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00 ■ **ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLANS** 15-22 (FRÍTT INN, ALLIR VELKOMNIR)
Út að borða og í bíó á **Sumartíð** og **Ung**! Sushisamba og Tapasbarinn.
**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



KFC
Krushers™
Ískaldur og svalandi þeytingur
Nýtt
2 FYRIR 1
ALLA VIRKA DAGA KL.14–17
Milkybar
ÞYKKUR, SVALUR OG SJÚKLEGA GÓÐUR!
VÆNTANLEGT
LION
STÓR 499
LÍTILL 349
Krushers
OREO
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
WWW.KFC.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON**, þjálfari Grindavíkur, er kominn með lið sitt í átta liða úrslit bikarsins í áttunda skiptið á síðustu níu tímabilum sínum sem þjálfari á Íslandi. Lið Guðjóns hafa nú unnið átta leiki í röð í 16 liða úrslitum og hann hefur enn fremur stýrt liðum til sigurs í 28 af síðustu 32 bikarleikjum. Guðjón hefur orðið níu sinnum bikarmeistari, fimm sinnum sem leikmaður og fjórum sinnum sem þjálfari.



**BIKARMEISTARARNIR ÁFRAM** Þorsteinn Már Ragnarsson lagði upp og skoraði í sigri KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT

### Borgunarbikar karla

**KR - Breiðablik** **3-0**
1-0 Sjálfsmark (18.), 2-0 Kjartan Henry Finnbogason (86.), 3-0 Þorsteinn Már Ragnarsson (95.)

**Víkingur Reykjavík - Fylkir** **2-1**
1-0 Agnar Darri Sverrisson (15.), 2-0 Aron Elís Þrándarson (63.), 2-1 Árni Freyr Guðnason (75.)

Fram, Grindavík, ÍBV, KR, Selfoss, Stjarnan, Víkingur og Þróttur eru komin í átta liða úrslit keppninnar. Dregið verður í átta liða úrslitin í hádeginu í dag.

### Evrópumót karla í fótbolta

**Portúgal - Spánn** **Klukkan 18.45**
Fyrri undanúrslitaleikurinn á Evrópumóti karlalandsliða fer fram í Donetsk í Úkraínu í kvöld. Spánverjar hafa ekki tapað í úrslitakeppni Evrópumótsins síðan gegn Portúgal í Lissabon 2004.

### Evrópumótið í frjálsum

**Dagskrá Íslendinganna í dag**

| | |
|---|---|
| Einar Daði Lárusson, tugþraut | Kl. 6.18 |
| Óðinn Björn Þorsteinsson, kúluvarp | Kl. 6.45 |
| Trausti Þorgeirsson, 400 metra hlaup | Kl. 10:59 |
| Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkast kvenna | Kl. 12:00 |

*Bein útsending frá mótinu er á Eurosport.*

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
visir.is

# Skiptir mestu máli að skemmta sér

**Frjálsíþróttakappinn Einar Daði Lárusson úr ÍR hefur í dag keppni í tugþraut á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Finnlandi. Einar Daði nálgast 8.000 stigin óðfluga og ljóst að framtíð hans er björt. Undir það tekur Jón Arnar Magnúson, fremsti tugþrautarmaður sem Ísland hefur alið.**



**ORÐINN NÆSTBESTUR** Einar Daði skaust upp fyrir Þráin Hafsteinsson í annað sæti yfir bestu tugþrautarkappa Íslands í Kladno á dögunum. ÍR-ingurinn á heilmikið inni að mati Jóns Arnars Magnússonar. MYND/ IVANO CATINI

**FRJÁLSAR** Einar Daði náði sínum besta árangri á móti í Kladno í Tékklandi á dögunum. Hann hlaut 7.898 stig sem er aðeins 52 stigum frá Ólympíulágmarkinu.

„Fullvaxta tugþrautarmaður er yfirleitt á bilinu 26-28 ára þó svo að Bandaríkjamaðurinn Ashton Eaton hafi verið að setja heimsmet í greininni aðeins 24 ára. Líkamlegur þroski kemur yfirleitt síðar og Einar Daði getur því bætt sig svakalega í þeim greinum sem krefjast afls og styrks,“ segir Jón Arnar.

Íslandsmet Jóns Arnars frá því í Götzis í Austurríki er 8.573 stig. Hann segir að 8.000 stiga múrinn sé mikill áfangi.

„Um leið og þú ferð yfir 8000 stigin fara mótshaldarar að taka meira eftir þér og það opnar leiðina inn á þessi stóru boðsmót sem ég keppti á á sínum tíma. Þá er maður kominn í elítuna,“ segir Jón Arnar og hlær við. Þrátt fyrir að Einar Daði eigi raunhæfa möguleika á að ná Ólympíulágmarkinu minnir Jón Arnar á að Einar Daði eigi mörg ár eftir í þrautinni og margir Ólympíuleikar séu eftir.

„Auðvitað væri gaman fyrir hann að ná lágmarkinu því það er svo mikil upplifun bara að vera meðal keppenda á svona stóru móti. Það er rosalegur skóli út af fyrir sig og fer í reynslubankann eins og öll stóru mótin,“ segir Jón Arnar sem sjálfur keppti á þremur Ólympíuleikum.

**Einn stór vinahópur**

Í tugþraut nær keppnin yfir tvo daga þar sem keppt er í fimm þrautum hvorn dag. Líkamleg áreynsla er vitanlega mikil yfir dagana tvo en andlegi þátturinn er ekki síður mikilvægur og vanmetinn að sögn Jóns Arnars.

„Það tók mig nokkur mót að átta mig á því hvernig ég ætti að tækla spennuna og nota hana til góðs. Það sem skiptir máli er að skemmta sér og láta utanaðkomandi pressu ekki trufla sig. Auðvitað fara allir á flug sem fylgjast með þessu en þú átt umfram allt að njóta þess að vera á staðnum,“ segir Jón Arnar og bætir við að stemningin meðal keppenda í tugþraut sé frábær og Einar Daði sé heppinn að fá að kynnast henni.

„Þetta er einn stór vinahópur innan sem utan vallar. Við erum svo lengi saman á hverjum degi, nándin er mikil og það þýðir ekki fyrir neinn að fela sinn haus og tala ekki við neinn,“ segir Jón Arnar og efast ekki um að stóru nöfnin í spretthlaupunum myndu lána keppinaut sínum varaskópar sitt ef hann gleymdi því heima.



„Eitt sinn gleymdi Rússinn Lev Lobodin langstökksskónum sínum. Ég var töluvert á undan honum í stökkröðinni þannig að við deildum skóparinu. Það var minnsta mál,“ segir Jón Arnar og segir ekki hafa verið mikið vandamál ef stangirnar sem hann notaði í stangarstökkinu skiluðu sér ekki í tíma.

„Þá gekk maður bara að einhverjum og allir buðu manni að gramsa í stöngunum hjá sér,“ segir Jón Arnar sem á augljóslega góðar minningar frá árum sínum í keppninni.

**Halda þarf vélinni heilli**

Jón Arnar segist lítið hafa leiðbeint Einari Daða enda hafi hann þjálfaraflóru landsins í kringum sig. Jón Arnar segir lykilatriði að hann hugsi vel um líkamann í takt við að æfa mikið.

„Hann þarf að vera í góðri umsjá þjálfara, kírópraktora og sjúkraþjálfara til þess að halda vélinni heilli. Þetta eru gríðarleg átök og allt þarf að tvinnast vel saman,“ segir Jón Arnar sem er pottþéttur á að Einar Daði eigi eftir að bæta sig mikið.

„Það eru skemmtilegir tímar fram undan. Það er verið að gera atlögu að metunum en til þess eru þau,“ segir Jón Arnar.

Einar Daði hefur keppni í dag klukkan sex að íslenskum tíma en þá verður ræst í 100 metra hlaupi.

kolbeinntumi@365.is

POTTURINN STEFNIR Í
100.000.000
+600.000.000

700 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 700.000.000



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 700 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 27. JÚNÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# 1877 2012


















Þann 16. júní 1877 var prentað fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold og markar það upphaf Ísafoldarprentsmiðju. Í ár fögnum við 135 ára afmæli og erum stolt af því að vera elsta starfandi prentsmiðja landsins og eitt elsta starfandi fyrirtæki á Íslandi. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu, er leiðandi í hagkvæmum lausnum, hefur vaxið og styrkst í kreppunni og stendur sterkari en nokkru sinni fyrr.

# Við höfum prentað í 135 ár

**Gildin okkar eru: ÁREIÐANLEIKI - METNAÐUR - HAGKVÆMNI**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
**www.isafold.is**

> **Stöð 2 kl. 20.00**

**New Girl**

***Gamanþáttaröðin New Girl hefur slegið í gegn hjá áhorfendum. Í þættinum sem Stöð 2 sýnir í kvöld er Jess kvíðin þegar hún býður nýja kærastanum í heimsókn yfir helgi en hefur áhyggjur af því hvernig sambýlismenn hennar taka honum. Winston fær nýja vinnu og hittir körfuboltastjörnuna Kareem Abdul-Jabbar.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ VERÐUR SVANGUR

# *Meiriháttar matartími*

Gunnar Smári Egilsson er matgæðingur mikill. Pistlar sem hann reit við annan mann í Fréttatímann sýndu einnig fram á að honum er einkar lagið að fjalla skemmtilega um mat. Hann eys nú enn úr viskubrunni sínum um matargerð í þættinum Matartímanum, sem er á dagskrá Rásar 1 á laugardögum.

Gunnar Smári kann að fjalla um sitt hjartans mál á skemmtilegan máta. Þar sem ég sat í sólinni á laugardaginn naut ég þess að heyra hann rekja sögu brauð- og víngerðar. Hann tengdi viðfangsefnið mismunandi menningarkimum, menningu horfinna alda og horfnum starfsháttum.

Ljúfur keimur af nostalgíu berst frá réttum Gunnars Smára. Nútímamaðurinn kann vel að framleiða brauð sem geymast, en hefur tapað kunnáttunni að baka brauð. Pota í deigið með fingrinum til að sjá hvort nóg er hnoðað og banka undir brauðið til að kanna ástand bakstursins.

Ekki skemmir fyrir að Gunnar Smári hefur við hlið sér tónlistarspekinginn Magnús R. Einarsson sem velur tónlistina, en sá mæti maður gæti meira að segja tónskreytt umræður á Alþingi og gert áhugaverðar.

Matur, þekking, ljúfsár söknuður, skemmtilegar staðreyndir og ljúfir tónar. Það er uppskrift sem getur ekki klikkað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Handan grafar **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu **23.05** Bóndi er bústólpi **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Einu sinni var...lífið** (1:26)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir og veður**

**18.25 EM stofa** Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.

**18.45 EM í fótbolta** (Undanúrslit) Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum þar sem Spánn og Portúgal eigast við.

**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins á EM í fótbolta.

**21.15 Víkingalottó**

**21.25 Huliðsfjall** (Misty Mountain) Stuttmynd eftir Óskar Þór Axelsson. Maður sem vann á afskekktri ratsjárstöð á Íslandi árið 1960 snýr þangað aftur 2006 til að afstýra dauða konunnar sem hann elskaði forðum. Aðalhlutverk: Bob Walz, Ingunn Erla Eiríksdóttir og Steven Zilliax.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Veðurfréttir**

**22.30 Evruhrunið mikla** (The Great Euro Crash) Breskur þáttur um hrun evrunnar sem þáttagerðarmaðurinn, Robert Peston, segir vofa yfir. Hann útskýrir hvers vegna evran var dauðadæmd frá upphafi, af hverju vandamálin eru að koma fram núna og hvaða áhrif hrun hennar hefur á líf Evrópubúa.

**23.25 Hringiða** (4:8) (Engrenages II) Franskur sakamálamyndaflokkur. Lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn sakamáls hafa hvert sína sýn á réttlætið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)

**00.25 Fréttir**

**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.30 X-Men Origins: Wolverine**

**08.15 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief**

**10.10 School of Life**

**12.00 Prince and Me II**

**14.00 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief**

**16.00 School of Life**

**18.00 Prince and Me II**

**20.00 X-Men Origins: Wolverine**

**22.00 Year One**

**00.00 Platoon**

**02.00 The Elementary Particles**

**04.00 Year One**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (76:175)

**10.15 60 mínútur**

**11.00 Perfect Couples** (10:13)

**11.25 Til Death** (17:18)

**11.50 Grey's Anatomy** (4:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Mike & Molly** (13:24)

**13.25 Hannað fyrir Ísland** (2:7)

**14.10 The Glee Project** (4:11)

**15.00 Týnda kynslóðin** (1:32)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (9:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 The Simpsons** (16:22)

**19.40 Arrested Development** (6:18)

**20.00 New Girl** (20:24)

**20.25 2 Broke Girls** (8:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið.

**20.50 Drop Dead Diva** (4:13) Dramatískir gamanþættir um unga og bráðhuggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í ungri konu.

**21.35 Gossip Girl** (20:24)

**22.20 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (4:7)

**23.15 The Closer** (7:21)

**00.00 Fringe** (1:22)

**00.45 Rescue Me** (18:22)

**01.30 The Good Guys** (9:20)

**02.15 Chase** (11:18)

**03.00 Typhoon**

**04.45 Friends** (9:24)

**05.10 New Girl** (20:24)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Miami - Oklahoma**

**19.55 Víkingur R. - Fylkir** Útsending frá leik Víkings og Fylkis í 16-liða úrslitum í bikarkeppni karla í knattspyrnu.

**21.45 Borgunarmörkin 2012** Sýnd mörkin og umdeildu atvikin í leikjunum í 16 liða úrslitum í bikarkeppni karla í knattspyrnu.

**22.45 Eimskipsmótaröðin 2012** Samantekt frá Íslandsmótinu í holukeppni sem er jafnframt þriðja mótið í Eimskipsmótaröðinni í golfi þar sem bestu kylfingar Íslands taka þátt. Mótið var haldið á Leirdalsvelli dagana 22.-24. júní.

**23.15 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Ajax**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Blackburn - Bolton**

**19.45 Everton - Man. Utd. 11.09.10**

**20.15 Chelsea - Norwich**

**22.00 Man. City - Wolves**

**23.45 PL Classic Matches. Man United - Middlesbrough, 1996**

## EXTRA

**18.45 The Doctors** (145:175)

**19.25 American Dad** (8:18)

**19.50 The Cleveland Show** (6:21)

**20.15 Masterchef USA** (5:20)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Two and a Half Men** (18:24)

**22.10 The Big Bang Theory** (9:24)

**22.35 How I Met Your Mother** (12:24)

**23.00 Bones** (1:13)

**23.45 Girls** (4:10)

**00.20 Eastbound and Down** (4:7)

**00.50 The Daily Show. Global Edition** (21:41)

**01.15 American Dad** (8:18)

**01.40 The Cleveland Show** (6:21)

**02.05 The Doctors** (145:175)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.15 Real Housewives of Orange County** (8:17) (e)

**17.00 Solsidan** (10:10) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.05 How To Look Good Naked** (1:12) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.20 30 Rock** (6:23) (e)

**19.45 Will & Grace** (11:27) (e)

**20.10 The Marriage Ref** (2:10) (e) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna. Grínistinn Jerry Seinfeld er hugmyndasmiðurinn á bak við þættina en kynnir og yfirdómari er grínistinn Tom Papa.

**20.55 The Firm** (18:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Þegar Mitch ver frægan rithöfund i morðmáli hótar annar skjólstæðingur hans að eyðileggja fyrir honum málið.

**21.45 Law & Order: Criminal Intent** (4:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York. Rannsóknarlögregluteymið blandar sér í harða veröld listdansara við rannsókn á dauða ballerínu.

**22.30 Jimmy Kimmel** (e)

**23.15 Hawaii Five-0** (21:23) (e)

**00.05 Royal Pains** (8:18) (e)

**00.50 The Firm** (18:22) (e)

**01.40 Lost Girl** (8:13) (e)

**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.40** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** Travelers Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (25:45) **19.20** LPGA Highlights (12:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (11:25) **21.35** Inside the PGA Tour (26:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (23:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.10** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.10** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.10** One Foot in the Grave **14.40** The Best of Top Gear **15.30** QI **16.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** QI **19.10** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It **23.04** The Graham Norton Show **23.50** QI

## DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Oliver i **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** EURO 2012 **18.35** Fodbold: Euro 2012 **19.15** TV Avisen **19.25** Fodbold: Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Lulu og Leon **21.50** Damages **22.40** Pacific Paradise Police

## NRK 1

**12.00** Danmark fra kyst til kyst **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Folk **14.45** Friidrett **15.00** NRK nyheter **15.10** EM friidrett **16.35** Oddasat - nyheter på samisk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Tinas sommerkjøkken **18.15** På vei til Sel **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Lov og orden. London **21.00** Kveldsnytt **21.20** Ekstremsport **21.40** Kalde føtter **22.30** Lovesikh **22.55** Boardwalk Empire **23.50** I skuddlinjen

## svt1

**13.15** Sidenvägen på 30 dagar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Friidrott **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Seventies **16.55** Friidrott **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Fotboll: Euro 2012 **21.00** Rapport **21.05** Fängelset **21.35** Allsång på Skansen **22.35** Kören **23.35** Rapport **23.40** Musik special **00.50** Rapport **00.55** Ett annat sätt att leva **01.55** Rapport **02.20** Engelska Antikrundan **03.20** Hundra procent bonde **03.50** Hästkrafter

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Forsetaframbjóðendur 4. þáttur **21.00** Forsetaframbjóðendur 5.þáttur **21.30** Eru þeir að fá´ann

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





Aðgangsstýrð akstursHlið

**Aukið öryggi á opnum svæðum**

Hægt er að stýra opnun gegnum aðgangskerfi, með fjarstýringu eða GSM-síma. Sterk og vönduð hlið sem henta við íslenskar aðstæður.

ÖRYGGI VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# Ferðavagninn færðu hjá okkur!




Frá þýska hjólhýsarisanum **Dethleffs** sýnum við hjólhýsi í hæsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman.



## Létt og meðfærileg **Eximo** hjólhýsi

### Eximo 520L



Verð: 2.898.000kr



- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg.

### Eximo 460



Verð: 2.798.000kr



- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 6,37 m.
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 5,17 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.

### Eximo 370



Verð: 2.498.000kr



- Svefnpláss fyrir 3 - 4.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.

### Staðalbúnaður í EXIMO hjólhýsum

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í golfi.
- Galvaníseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Þrýstibremsur.
- Skyggðir tvöfaldir gluggar með rúllu-myrkratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm. kveikjara.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm,hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.



## **Rockwood** fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður

### Rockwood Premier 2317G 12 fet



Verð: 3.198.000kr m/ útdraganlegri hlið.

### Rockwood Premier 1904 10 fet



Verð: 2.798.000kr

### Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet



Verð: 2.998.000kr

**Torfæru útgáfan frá Rockwood** fyrir þá sem vilja komast lengra.

- Upphækkað á 15" dekkjum
- Sérstyrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

### Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stór geymslukassi að framan
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi (10 fet)

### Rockwood A-Hýsi 12 fet

Verð: 2.898.000kr



Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fosshá ls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst best að sulla í sortum þegar kemur að grilli og grilla oft nautalund með bakaðri kartöflu og bernaise-sósu og einnig steinbít sem ég ber fram með góðri sósu og sumarsalati með ávöxtum. Síðan má ekki gleyma maísstönglunum.“*

Bjarni Haukur Þórsson leikari.

# Sat fyrir í herferð gegn alnæmi

„Ég brá mér í hlutverk Jóhönnu af Örk og sé veiran skoðuð í smásjá lítur hún út eins og þetta apparat sem er með mér á myndinni,“ segir skartgripahönnuðurinn Brynja Sverrisdóttir.

Brynja situr fyrir á auglýsingu sem franskir hönnuðir og auglýsingastofan BETC standa fyrir og er til styrktar baráttunni gegn alnæmi og lifrarbólgu. „Undirbúningurinn fyrir myndatökuna tók næstum jafn langan tíma og fer í tökur á heilli kvikmynd þannig að þetta var heljarinnar verkefni,“ segir hún.

Farið verður borga á milli í Frakklandi þar sem hönnuðir efna til útsölu á sýnishornum á óútkomnum fatalínum sínum og rennur ágóðinn til AIDES, samtaka sem helga sig baráttunni gegn alnæmi.

Brynja segir umsjónarmenn verkefnisins hafa rekist á mynd af henni í St. Bernadette kirkjunni í París árið 2010 og í kjölfarið beðið hana um að taka þátt í verkefninu.

„Við vorum fjórtán saman komin í tökunni og það hefði mátt heyra saumnál detta, það voru engir símar og ekkert mas. Þetta var eins og að koma inn í guðshús og við hugsuðum öll það sama; að koma þessari bölvuðu veiru fyrir kattarnef.“

Brynja er ekki alls óreynd þegar kemur að fyrirsætustörfum og sat fyrst fyrir fyrir tuttugu og fimm árum og kveðst ætla að halda áfram að bregða sér í hinar ýmsu myndir. „Ég er fædd módel og verð alltaf módel. Ég hef ekki séð fyrir mér með fyrirsætustörfum enda hef ég meira setið fyrir á listaverkum og átaksverkefnum sem þessu.“

Brynja var stödd í Englandi þegar Fréttablaðið náði af henni tali og var væntanleg heim eftir helgi. „Ég sit og klepra í þessu leiðinlega veðri sem hér er og get ekki beðið eftir að komast heim í íslenskt sumar,“ sagði hún glaðlega að lokum.

- sm



**FÆDD MÓDEL** Brynja Sverrisdóttir bregður sér í hlutverk Jóhönnu af Örk. Merkið í horni myndarinnar er innblásið af hönnun Brynju sjálfrar.








**HUGMYNDARÍKIR HÚMORISTAR** Félagarnir Steinþór Helgi Arnsteinsson og Björn Teitsson eru mennirnir á bak við eitt vinsælasta grínblogg landsins í dag, síðuna Gulir miðar (úr gleðibankanum). FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEINÞÓR HELGI: GULU MIÐARNIR BYRJUÐU SEM EINKAHÚMOR

# Stíga fram eftir að hafa logið upp í opið geð vina sinna

„Þetta byrjaði strax rosalega vel en það var vísvitandi ákvörðun hjá okkur að halda okkur, höfundunum, leyndum,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson en hann og vinur hans Björn Teitsson eru mennirnir á bak við síðuna Gulirmidarurgledibankanum.tumblr.com sem hefur notið talsverðra vinsælda undanfarið.

Grínsíðan Gulir miðar (úr gleðibankanum) var stofnuð í lok apríl og hefur fengið stóran lesendahóp á stuttum tíma en um nokkur þúsund manns skoða síðuna daglega. Gulir miðar sérhæfa sig í bröndurum með hjálp hreyfimynda, eða svokölluðum gif-myndum, en það er síðan Whatshouldwecallme sem er fyrirmyndin.

„Þetta byrjaði sem einkahúmor á milli okkar Björns og við vorum að kasta bröndurum okkar á milli. Svo ákváðum við að gera íslenska útgáfu sem hitti greinilega í mark,“ segir Steinþór en titill síðunnar er vísun í hið fræga Eurovision-lag Gleðibankann. „Við viljum að fólk hætti að hafa áhyggjur af gulu miðunum frá bankanum, sem á þeim tíma sýndu hversu mikið maður skuldaði, og hafi gaman að lífinu. Hætti að fá „djammviskubit“ og muni að djamm er snilld. Þetta er náttúrulega bara iðnaður.“

Hreyfimyndirnar nálgast félagarnir á netinu og setja í samhengi við alls kyns húmor. Steinþór segir ferlið sérstaklega einfalt sé maður bæði hugmyndaríkur og fyndinn. Höfundarnir hafa einnig reynt að hafa færslur sínar í takt við tíðarandann. „Á prófatímabilinu í vor vorum við með margar færslur tengdar því og svo núna erum við búnir að vera svolítið að atast í forsetakosningunum.“

Steinþór er hræddur um að ansi margir af hans nánustu vinum eigi eftir að verða fúlir út í þá núna. „Við erum búnir að ljúga upp í opið geðið á mörgum sem hafa ítrekað spurt hvort við værum höfundar síðunnar. Það var hins vegar mjög meðvituð ákvörðun að halda okkur leyndum til að byrja með og geta þá haft frítt spil til að ögra með gríninu. Við vorum vísvitandi að villa á okkur heimildir, setja okkur inn í hugarheim kvenna sem var fróðlegt enda erum við báðir stoltir femínistar.“

En af hverju vilja þeir ljóstra upp leyndarmálinu núna? „Við erum bara sáttir með viðtökurnar og játum okkur eiginlega sigraða. Það hafa nokkrar íslenskar síður sprottið upp í kjölfarið og ber þar hæst síðan Berglind festival, sem er mjög góð. Framtíð síðunnar er óskrifað blað en ýmsar hugmyndir hafa komið upp. Kannski hættum við bara eða búum til uppistand byggt á hreyfimyndum. Að okkar mati væri hins vegar menningartengdur sjónvarpsþáttur mjög gott framhald á vinsældum síðunnar.“

alfrun@frettabladid.is






# Flýta opnun á nýjum miðavef

Jón Dal Kristbjörnsson og Fannar Freyr Jónsson stefna á að opna sölusíðuna Miðakaup.is í lok sumars. Á síðunni gefst almenningi kostur á að nálgast miða á hvers kyns viðburði með þægilegri hætti en áður.

„Við erum núna að leita eftir samstarfsaðilum en stefnum á að opna síðuna fyrir almenningi í lok sumars. Það sem við gerum öðruvísi en aðrir er að söluaðilarnir skrá sig sjálfir inn í kerfið okkar og færa allar upplýsingar inn á vefinn sem skilar sér í lægri kostnaði.“ útskýrir Jón.

Fréttatíminn greindi frá því á föstudag að afþreyingarfyrirtækið Sena hefði nýverið fest kaup á vefsíðunni Miði.is og í kjölfarið hafði Samkeppniseftirlitið samband við tónleikahaldara og aðra sem selja miða hjá Miða.is. Sena hefur staðið fyrir tónleikahaldi undanfarin ár og með kaupum sínum á Miða.is hefur fyrirtækið aðgang að viðkvæmum upplýsingum um keppinauta sína.

Jón viðurkennir að í ljósi aðstæðna hafi þeir ákveðið að flýta opnun Miðakaupa.is um einhverjar vikur. „Við höfum lengi unnið í þessum geira og þessu verkefni og í ljósi núverandi aðstæðna fannst okkur markaðurinn tilbúinn fyrir það sem við höfum upp á að bjóða,“ segir hann og bætir við: „Við höfum kynnst ýmsum kerfum erlendis sem hafa gefið okkur hugmyndir um hvað það er sem markaðurinn vill.

- sm



**FYRR AF STAÐ** Jón Dal Kristbjörnsson og Fannar Freyr Jónsson stefna á að opna nýja sölusíðu, Miðakaup.is, í lok sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | **www.garmin.is**

GARMINBÚÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Boltinn á Xinu 977
– alla virka daga kl. 11 - 12

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Borgarstjórn og ráðherra á Bergsson mathúsi

Borgarstjórn Reykjavíkur hélt óformlegan fund á nýjasta morgunverðarstað Reykjavíkur á mánudagsmorgun: Bergsson mathúsi. Eigandi staðarins, Þórir Bergsson, segir reksturinn ganga vonum framar. „Þetta fer rosalega vel af stað. Það er nóg að gera og fólk er mjög ánægt með þetta.“ Þá mætti **Katrín Júlíusdóttir**, iðnaðarráðherra í barneignarleyfi, með fjölskyldu sína á Bergsson og sparaði staðnum ekki hrósin á Facebook. Loks þarf ekki að taka fram að bróðir eigandans, Felix Bergsson leikari, er þar með annan fótinn. „Hann er hér eins og grár köttur og tekur með sér alls konar fólk,“ segir Þórir, og bætir við að vinur hans og fyrrum samstarfsmaður, Friðrik Weisshappel, eigi enn eftir að sækja staðinn heim.



### Hjóla til góðs

Útvarpsfólkið Andri Freyr Viðarsson og **Gunna Dís Emilsdóttir** ætla á morgun að hjóla hundrað kílómetra til styrktar fjölskyldu sem hefur verið úti í Kólumbíu frá því í desember 2011 til þess að ættleiða tvær systur. Andri Freyr og Gunna Dís hjóla til Krýsuvíkur, Grindavíkur og aftur til Reykjavíkur á einum og sama deginum og þeim til aðstoðar verður Magnús R. Einarsson dagskrárgerðarmaður sem mun hjóla erfiðustu brekkurnar á sérútbúnu rafdrifnu hjóli.



- sv, sm

## Mest lesið VÍSIR

1. Eineltið mótaði Guðgeir - hataði líka lækna
2. Jackass-stjarna borgaði milljón fyrir skemmdir á Land Cruiser
3. Nær 80 börnum bjargað úr vændi í Bandaríkjunum
4. Fornleifafundur vekur furðu á Bretlandseyjum og víðar
5. Bjargaði kind á hvolfi




